



# GULLVÖR

Kennslubók í málfræði fyrir unglíngastig





## GULLVÖR – Kennslubók í málfræði fyrir unglíngastig

ISBN: 978-9979-0-2431-6

© 2019 Ragnar Ingi Aðalsteinsson

© 2019 Teikningar Böðvar Leós

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Fagleg ráðgjöf og yfirllestur: Guðlaug Magnúsdóttir grunnskólakennari og Jóhannes B. Sigtryggsson rannsóknarlektor á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

# Gullvör

Kennslubók í málfræði  
fyrir unglingastig



# Efnisyfirlit

Gullvör – leiðsögn um lönd tungunnar . . . 3

## 1. kafli

Prískipting orðanna . . . . . 4

Nánar um málfræðileg einkenni . . . . . 6

## 2. kafli

Fallorð I . . . . . 8

Kyn, tala og fall . . . . . 8

## 3. kafli

Fallorð II . . . . . 18

Greinir . . . . . 18

Nafnorð . . . . . 19

Um greiningaratriðin . . . . . 19

Lýsingarorð . . . . . 22

Um greiningaratriðin . . . . . 22

Töluorð . . . . . 25

Fornöfn . . . . . 26

## 4. kafli

Fallorð III . . . . . 27

Nafnorð – upprifjun og viðbót . . . . . 27

Uppflettimyndir . . . . . 29

Lýsingarorð – upprifjun og viðbót . . . 31

Staða lýsingarorða . . . . . 31

Fornöfn – upprifjun og viðbót . . . . . 32

## 5. kafli

Sagnorð I . . . . . 36

Persóna, tala, háttur, tíð . . . . . 36

## 6. kafli

Sagnorð II . . . . . 41

Samantekt um hætti sagna . . . . . 46

Myndir sagna . . . . . 48

Beyging sagna . . . . . 49

Kennimyndir . . . . . 51

Full greining sagnorða . . . . . 52

## 7. kafli

Sagnorð III . . . . . 53

Polmynd . . . . . 53

Blönduð beyging sagna . . . . . 56

Ópersónulegar sagnir . . . . . 57

Orsakarsagnir . . . . . 58

Kennimyndirnar hjálpa . . . . . 59

## 8. kafli

Fullgreining . . . . . 61

Greiningaratriðin . . . . . 61

## 9. kafli

Óbeygjanleg orð . . . . . 63

## 10. kafli

Hljóðbreytingar . . . . . 69

## 11. kafli

Orðmyndun . . . . . 72

## 12. kafli

Setning, málsgrein, efnisgrein . . . . . 76

## 13. kafli

Setningarhlutagreining . . . . . 81

## 14. kafli

Sitthvað um orðin . . . . . 87

## 15. kafli

Staðbundinn framburður –  
Mállýskueinkenni . . . . . 93

Atriðisorð . . . . . 95

Helstu rit sem stuðst hefur verið við: . . . 96

## Gullvör – leiðsögn um lönd tungunnar

*Ágætu nemendur grunnskólans.*

Þegar þið fáið þessa bók í hendur er rétt að þið gerið ykkur grein fyrir því að þið kunnið mest af efni hennar nú þegar. Málfræðin er til staðar í höfðinu á ykkur og hefur verið þar frá því að þið lærðu að tala. Þið beygið fallorð og sagnorð allan daginn og gerið það hárrétt.

Hvers vegna er þá verið að láta ykkur lesa þessa bók? Til að skýra það skulum við byrja á að skoða brot úr kvæði eftir skáldið Tómas Guðmundsson. Hann hugsar sér að hann standi á fjallstindi og horfi yfir landið:

Rifja upp  
og reyna að muna  
fjallanöfnin:  
Náttúruna.  
Leita og finna  
eitt og eitt.  
Landslag yrði  
lítilsvirði,  
ef það héti ekki neitt.

Getið þið ímyndað ykkur hvernig væri að lifa í þessu landi ef fjöll, dalir, ár og vötn og önnur fyrirbæri í náttúrunni hétu ekki neitt? Hugið ykkur að bæirnir í sveitinni væru nafnlausir. Hvað ef göturnar í borginni hefðu ekkert heiti? Hvernig gengi ykkur þá að vísa til vegar eða útskýra hvar þið eigið heima? Göturnar væru þarna vissulega en engin leið er að tala um þær ef nöfnin vantar. Án þeirra værum við nánast mállaus ef við ætluðum að ræða um umhverfi okkar, nær eða fjær. Landslagið verður að heita eitthvað. Það er rétt hjá Tómasi.

Gullvör þjónar þeim tilgangi að kenna ykkur heiti á alls konar fyrirbærum í landslagi tungumálsins. Til að geta notið leiðsagnar á slóðum íslenskunnar verðið þið að þekkja nöfnin á hugtökunum. Tökum sem dæmi algeng hugtök eins og frumlag og umsögn. Til að þekkja frumlag verðið þið að þekkja orðflokka og kunna fallbeygingar og engin leið er að vita hvað umsögn er án þess að þekkja hætti sagna. Til að læra erlend tungumál verðið þið að læra málfræði þeirra. Það yrði mun erfiðara ef þið væruð ekki þá þegar búin að læra heitin á hugtökum íslenskrar málfræði. Og þannig mætti lengi telja. Í skólaumhverfinu er ekki nóg að kunna að tala rétt. Þið verðið líka að geta greint það sem þið segið niður í einingar og kunna skil á hinum ýmsu breytingum sem þessar einingar taka í meðförum ykkar.

Málfræðin er í höfðinu á ykkur, eins og fyrr kom fram, en ykkur vantar nöfnin á hugtökunum til þess að geta talað um þau og lýst þeim og tekið svo leiðbeiningum.

Ég vona að Gullvör verði ykkur til gagns og þið njótið kunnáttunnar þegar þið komið í framhaldsnám. Ef þið kunnið skil á því sem þessi bók hefur að geyma mun það léttu ykkur leiðina gegnum framhaldsskólann og í sumum tilvikum líka gegnum háskólann. Um leið og ég fylgi bókinni úr hlaði með þessum fátæklegu orðum óska ég ykkur góðs gengis á þeirri vegferð.

Grafarvogi í maí 2018.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson frá Vaðbrekku

## Þrískipting orðanna

Í þessum kafla er fjallað um þrískiptingu orðanna í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og talað um fallbeygingu og tíðbeygingu. Þá er lítillega minnst á orðflokkana.

### 1.1 Orð skiptast í þrjá yfirflokka

Öllum orðum getum við skipt í þrjá yfirflokka eftir málfræðilegum einkennum þeirra. Þessir yfirflokkar heita:

**fallorð**

**sagnorð**

**óbeygjanleg orð**

Málfræðileg einkenni orða felast í því hvernig þau breytast í munni okkar þegar við tölum. Þeir þrjú yfirflokkar orða sem nefndir eru hér að framan hafa hver sín sérkenni. Þau eru:

**fallorð** fallbeygjast (föllin kallast *nefnifall*, *þolfall*, *þágufall* og *eignarfall*)

**sagnorð** tíðbeygjast (þau geta ýmist staðið í *nútíð* eða *þátíð*)

**óbeygjanleg orð** fallbeygjast hvorki né tíðbeygjast

Alla texta má greina í fallorð, sagnorð eða óbeygjanleg orð. Skoðum dæmi:

Hús með rauðu þaki sendur við veginn. Þar býr frænka mín.

Hús (hús, um hús, frá húsi, til húss, fallbeygist) fallorð (fo.)

með (beygist ekki) óbeygjanlegt orð (ób.)

rauðu (rautt, um rautt, frá rauðu, til rauðs, fallbeygist) fallorð (fo.)

þaki (þak, um þak, frá þaki, til þaks, fallbeygist) fallorð (fo.)

stendur (að standa, stendur, stóð, tíðbeygist) sagnorð (so.)

við (beygist ekki) óbeygjanlegt orð (ób.)

vegin. (vegurinn, um veginn, frá veginum, til vegarins, fallbeygist) fallorð (fo.)



þar	(beygist ekki) óbeygjanlegt orð (ób.)
býr	(að búa, býr, bjó, tíðbeygist) sagnorð (so.)
frænka	(frænka, um frænku, frá frænku, til frænku, fallbeygist) fallorð (fo.)
mín.	(mín, um mína, frá minni, til minnar, fallbeygist) fallorð (fo.)

## Verkefni 1 A

Greinið eftirfarandi texta í fallorð (fo.), sagnorð (so.) eða óbeygjanleg orð (ób.):

---

*Ég var í veislu heima hjá frænku minni og þar gleymdi ég símanum mínum. Ég sneri við og sótti hann. Ekki hafði verið hringt til mín á meðan.*

---

### 1.2 Orðflokkarnir eru ellefu

Þegar talað er um orðflokkagreiningu er átt við mun nákvæmari skiptingu en hér er nefnd. Þá er fallorðum skipt í fimm flokka og óbeygjanlegum orðum í aðra fimm en sagnorð skiptast ekki í undirflokka. Orðflokkarnir eru því ellefu. Þrískiptingin, sem hér er talað um, er sett fram til að skipa þessum ellefum flokkum í yfirflokka eftir sameiginlegum einkennum.



## Nánar um málfræðileg einkenni

**1.3 Fallbeyging** heitir það þegar sama orðið er sagt á mismunandi vegu eftir því hvar eða hvernig það stendur í setningunni. Lesum eftirfarandi texta og skoðum skáletruðu orðin sérstaklega:

Ég var í sveit í sumar. Þar voru engir krakkar á mínum aldri og eini raunverulegi félagi minn var *hundurinn* á bænum. Þegar ég fór út að ganga kallaði ég stundum á *hundinn* með mér. *Hundinum* fannst gaman að röltu með mér um túnið. Heimili *hundsins* var í litlum kofa við hliðina á fjósinu.

Orðið sem um ræðir er sagt á fjóra mismunandi vegu:

<i>hundurinn</i>	sem er nefnifall
<i>hundinn</i>	sem er þolfall
<i>hundinum</i>	sem er þágufall
<i>hundsins</i>	sem er eignarfall.

### Verkefni 1 B

Prófaðu að setja nafnið **Egill** í réttu falli inn í textann og sjáðu hvernig það breytist við fallbeygingu:

*Efst í brekkunni hikaði ... eitt augnablik áður en hann ýtti sér af stað. Stuttu seinna var ... ljóst að hann réð ekki við ferðina og hann flaug á hausinn. Fljótlega kom stelpa til ... sem spurði hvort hann væri ómeiddur. Hún studdi ... að bekknum þar sem hann jafnaði sig fljótt.*

**1.4 Tíðbeyging** heitir það þegar orð beygjast í *nútið* og *þátíð*. Lesum eftirfarandi texta og skoðum skáletruðu orðin sérstaklega:

Ég *get* vel lesið þennan texta. Þegar ég var yngri *gat* ég það ekki. Barnið *hoppar* í pollinum. Ég *hoppaði* niður af stólnum.



Sagnorðið er sagt á mismunandi vegu eftir því hvort það vísar til þess sem er að gerast eða þess sem er liðið eða gerðist áður.

get	hoppar	er nútíð
gat	hoppaði	er þátíð

### Verkefni 1 C – tíðbeyging

Greinið tíð sagnorðanna (þau eru undirstrikuð) í eftirfarandi texta:

Ég á heima í húsi sem stendur við fáfarna götu. Í húsinu á móti býr fjölskylda bestu vinkonu minnar. Áður átti ég heima við götu sem er í öðru borgarhverfi. Mér fannst mjög spennandi þegar við fluttum hingað. Þar sem ég bjó áður var mikil umferð og hávaði. Það þótti mér óþægilegt. Hér líður mér betur.

1.5 Óbeygjanleg orð breytast ekki. Skoðum dæmi um nokkur slík orð:

og, þarna, frá, já, að, ef, upp, til, ha, mjög

Þessi orð eru alltaf eins.

### Verkefni 1 D

Skrifaðu texta í samfelldu máli sem inniheldur a.m.k. 8 af óbeygjanlegu orðunum hér fyrir ofan.

#### Upprifjun við 1. kafla

1. Öll orð skiptast í þrjá yfirflokka. Hvað heita þeir?
2. Hvað er það sem einkennir öll fallorð?
3. Hvað einkennir öll sagnorð?
4. Að hvaða leyti eru óbeygjanleg orð frábrugðin hinum yfirflokkunum?

## Fallorð I

Í þessum kafla er fjallað um **fallorð**. Hér er rætt um **fallbeygingu**, **fjögur föll** í íslensku, um **stofn** orða og **beygingarendingar**, sýnt hvað átt er við með **eintölu** og **fleirtölu** og fjallað um **kyn** orða. Stuttur kafli er um það hvernig hægt er að finna **stofn** orða til að rita þau rétt. Þá eru taldir upp **fimm flokkar fallorða** og tilgreind einkenni þeirra.

### Kyn, tala og fall

Öll fallorð eiga það sameiginlegt að þau fallbeygjast. Auk þess er í flestum tilvikum hægt að greina kyn þeirra, *karlkyn* (kk.), *kvenkyn* (kvk.) *hvorugkyn* (hk.) og tölu, *eintölu* (et.), *fleirtölu* (ft.).

#### 2.1 Föllin

Hvert fallorð hefur fjögur föll. Til að finna föllin notum við hjálparorðin *hér er – um – frá – til*. Auðvitað er hægt að nota mörg önnur orð til að finna föllin en venja er að nota þessi orð og þeirri venju verður fylgt hér.

Föllin heita:

**nefnifall (nf.)** – notar hjálparorðin *hér er*

**þolfall (þf.)** – notar hjálparorðið *um*


**þágufall (þgf.)** – notar hjálparorðið *frá*

**eignarfall (ef.)** – notar hjálparorðið *til*

Til að skoða föllin og fallbeygingarnar tökum við dæmi af nafnorðum og skoðum fyrst orðið *hestur*.

nf.	hér er	<b>hestur</b>
þf.	um	<b>hest</b>
þgf.	frá	<b>hesti</b>
ef.	til	<b>hests</b>

Öll fallorð í íslensku beygjast eftir þessu sama kerfi en beygingin er á mismunandi vegu eftir orðum. Föllin þrjú sem koma á eftir *nefnifalli*, og heita *þolfall*, *þágufall* og *eignarfall*, kallast **aukaföll**. Það stafar af því að nefnifall er eðlileg eða hlutlaus mynd orðsins. Til að nafnorð standi ekki í nefnifalli, heldur einhverju hinna fallanna, þarf að vera einhver ástæða, eins og hjálparorðin sem sýnd eru á blaðsíðunni hér á undan.



## Verkefni 2 A

Fallbeygið eftirtalin orð í eintölu:

- a) *bíll hús garður girðing hurð*
- b) *hundur fluga bein vagn kerra*

## 2.2 Stofn og beygingarending

Öll föllin hafa sameiginlegan hluta sem kallast **stofn**. Skoðum dæmið um orðið *hestur* hér að framan. Þegar litið er yfir fallbeyginguna sést að hluti orðsins heldur sér gegnum alla beyginguna. Sá hluti er *hest*. Í þolfallinu sjáum við stofninn einan og ekkert annað. Það sem bætist við í hinum föllunum kallast *beygingarendingar*. Í orðinu *hestur* eru eftirfarandi beygingarendingar:

hest	ur	í nefnifalli
	x	engin í þolfalli
	i	í þágufalli
	s	í eignarfalli



**X** táknar að þar er engin beygingarending.

Í fleirtölunni bætast við aðrar beygingarendingar. Um þær verður fjallað síðar. Skoðum nú fleiri dæmi:

nf.	hér er	fundur	<b>-ur</b>
þf.	um	fund	<b>x</b>
þgf.	frá	fundi	<b>-i</b>
ef.	til	fundar	<b>-ar</b>

Beygingarendingarnar í þessu tilviki eru: **ur** í nf., engin í þf., **i** í þgf. og **ar** í eignarfalli.

nf.	hér er	himinn	<b>-n</b>
þf.	um	himin	<b>x</b>
þgf.	frá	himni	<b>-i</b>
ef.	til	himins	<b>-s</b>

Beygingarendingarnar í þessu orði eru: **n** í nf., engin í þf., **i** í þgf. (þar fellur *i* brott í stofni) og **s** í ef.

Eins og sést hér að framan er engin beygingarending í þolfallinu í þessum orðum. Þess vegna er hægt að sjá stofn orðanna þar. Þetta á við um sum orð en alls ekki öll.

Í dæmunum hér að framan eru engin tvö föll af orðunum eins. Það á þó ekki við um öll orð. Skoðum dæmi:

nf.	hér er	belti	<b>x</b>
þf.	um	belti	<b>x</b>
þgf.	frá	belti	<b>x</b>
ef.	til	beltis	<b>-s</b>

Hér eru þrjú fyrstu föllin eins. Aðeins eignarfallið bætir við sig beygingarendingunni **s**. Stofn orðsins er *belti*.

Svipað gerist í mörgum kvenkynsorðum:

nf.	hér er	borg	<b>x</b>
þf.	um	borg	<b>x</b>
þgf.	frá	borg	<b>x</b>
ef.	til	borgar	<b>-ar</b>

Í þessu orði er eina beygingarendingin **ar** í eignarfalli. Stofn orðsins er *borg*. Sum orð beygjast nokkuð á annan veg. Skoðum dæmi:

nf.	hér er	penni	<b>-i</b>
þf.	um	penna	<b>-a</b>
þgf.	frá	penna	<b>-a</b>
ef.	til	penna	<b>-a</b>

Hér eru öll aukaföllin (þf., þgf., ef.) eins. Stofninn finnst með því að taka einn staf aftan af orðinu, sá stafur er þá beygingarending. Stundum breytist sérhljóðið í stofninum þegar orð eru fallbeygð. Skoðum dæmi:

nf.	hér er	örn	<b>x</b>
þf.	um	örn	<b>x</b>
þgf.	frá	erni	<b>-i</b>
ef.	til	arnar	<b>-ar</b>

Hér eru fyrstu tvö föllin eins, beygingarendingar bætast við í þgf., i, og ef., **ar**. Sérhljóðið í stofninum breytist, **ö** í nf. og þf, **e** í þgf. og **a** í ef.

## Verkefni 2 B

Fallbeygið eftirtalin orð í eintölu, strikið undir beygingarendingar þeirra og finnið stofninn:

---

*skúmur, fálki, önd, þröstur, ugla*

---

### 2.3 Tala – eintala, fleirtala

Fallorð breytast eftir því hvort um er að ræða einn eða fleiri. Það kallast *eintala* (et.) og *fleirtala* (ft.). Skoðum dæmi af þremur nafnorðum:

<b>vegur</b> (eintala)	<b>vegir</b> (fleirtala)
<b>rós</b> (eintala)	<b>rósir</b> (fleirtala)
<b>vatn</b> (eintala)	<b>vötn</b> (fleirtala)

Í fleirtölu beygjast orðin í fjórum föllum eins og í eintölu. Stofn orðsins er sá sami og í eintölunni en nú koma aðrar beygingarendingar. Hjálparorðin eru þau sömu og í eintölu fyrir utan að nú stendur *eru* í stað *er*:

nf.ft.	hér eru	hestar	<b>-ar</b>
þf.ft.	um	hesta	<b>-a</b>
þgf.ft.	frá	hestum	<b>-um</b>
ef.ft.	til	hesta	<b>-a</b>

Beygingarendingar í fleirtölunni eru: **ar** í nf., **a** í þf., **um** í þgf. og **a** í ef.

#### Verkefni 2 C

Fallbeygið í eintölu og fleirtölu eftirtalin orð og strikið undir beygingarendingar þeirra:

*skál, gestur, álfur, bók, verzlun, þjóð, konungur*

Sum orð hafa óreglulega beygingu. Um þau er fjallað síðar.

## 2.4 Kyn orða

### Karlkyn, kvenkyn, hvorugkyn

Annað sem einkennir fallorð er það sem kallað er *kyn*. Kynin eru þrjú, *karlkyn*, *kvenkyn* og *hvorugkyn*. Skoðum dæmi:

*maður* (karlkyn, kk.), *kona* (kvenkyn, kvk.) *barn* (hvorugkyn, hk.),  
*dalur* (karlkyn, kk.), *strönd* (kvenkyn, kvk.), *fjall* (hvorugkyn, hk.).

Hægt er að sjá kyn orða með því að nota orðin *hann* fyrir karlkyn, *hún* fyrir kvenkyn og *það* fyrir hvorugkyn. Við segjum *dalurinn*, *hann* er stór, *ströndin*, *hún* er löng og *fjallið*, *það* er hátt.

### Verkefni 2 D

a) Skrifðu eftirtalin orð í vinnubókina og greiðu kyn þeirra:

*skip, stúlka, stóll, gluggi, verslun, fjall, himinn, ský,  
rigning, fugl, dalur, veisla, band, eldur, hugsun*

b) Finnið fimm karlkynsorð, fimm kvenkynsorð og fimm hvorugkynsorð og skráðu þau í vinnubókina.

## 2.5 Að finna stofn vandritaðra orða

Stundum lendum við í vandræðum með að skrifa orðin rétt. Þá getur verið nauðsynlegt að finna stofn þeirra. Af hverju skrifum við *Pálsson* eða *Pálsdóttir* með einu *l*-i en *Hallsson* eða *Hallsdóttir* með tveimur *l*-um? Skoðum stofn þessara orða. Hann finnst í þolfalli eintölu. Við segjum *um Pál* en svo segjum við *um Hall*. Orðið *Páll* hefur eitt *l* í stofninum en orðið *Hallur* hefur tvö. Þetta er gott að vita þegar skrifa þarf eignarfallið; *Páls – Halls*. Orðið *steinn* er í eignarfalli *steins* með einu *n*-i. Við segjum *um stein*. Þar sjáum við stofninn. Orðið *fjall* er í eignarfalli *til fjalls*. Við segjum *um fjall*. Þannig er stofninn.



### Verkefni 2 E

Skrifuð eignarfall eftirtalinna orða:

*Hrafnkell Sigfínnur Ketill Ármann Baldur Sveinn Þorsteinn Njáll*

## 2.6 Fallorðaflokkar

Fallorð skiptast í fimm undirflokka.

Þeir heita *greinir*, *nafnorð*, *lýsingarorð*, *töluorð* og *fornöfn*.

### 2.6.1 Greinir er ýmist laus eða viðskeyttur.

Laus greinir er *hinn*, *hin*, *hið* á undan lýsingarorði sem stendur með nafnorði: *hinn* góði maður, *hin* góða kona, *hið* góða barn, *hinn* breiði dalur, *hin* langa strönd, *hið* stóra fjall

Langoftast er þó greininum bætt aftan við nafnorðið og þá þarf ekkert lýsingarorð: maðurinn, konan, barnið, dalurinn, ströndin, fjallið.

#### Verkefni 2 F

a) Skráið eftirtalin orð í vinnubók og bætið greini við þau:

*hús, bíll, garður, skófla, svanur, grind, tré*

b) Finnið nafnorðin í eftirfarandi texta og skráið í vinnubók. Strikið undir þau sem eru með greini:

*Vegurinn lá meðfram sjónum og fjörugrjótið vakti athygli okkar. Þar voru stórir steinar, slípaðir af sjávaröldunni sem hafði leikið um þá í þúsund ár.*

### 2.6.2 Nafnorð þekkjast á því að þau bæta við sig greini: dalur/dalurinn, strönd/ströndin, fjall/fjallið

#### Verkefni 2 G

Finnið nafnorð í eftirfarandi texta. Skráið niður hvort þau eru með greini (m.gr.) eða án hans (án gr.):

*Í brekkunni fyrir ofan íþróttavöllinn var hópur af unglingum að fylgjast með spretthlaupinu í sumarblíðunni. Þeir stukku allir á fætur af spenningsþegar Sólrún geystist fram hjá og fögnuðu gríðarlega þegar hún náði forskotinu á síðustu metrunum og kom fyrst í mark.*



laus greinir

**hinn** rauði þráður

rauði þráður**inn**

Hér er búið að skeyta greininum við nafnorðið (viðskeyttur greinir)



**2.6.3 Lýsingarorð** standa oftast með nafnorði og lýsa þá einhverjum eiginleikum þess. Lýsingarorð stígbreytast og nefnast stigin *frumstig (fst.), miðstig (mst.) og efsta stig (est.): stór (fst.), stærri (mst.) stærstur (est.)*.

### Verkefni 2 H

Finnið og skráið í vinnubók lýsingarorðin í eftirfarandi texta. Skráið í hvaða stigi þau standa:

---

*Leiðin inn með firðinum var bæði löng og leiðinleg. Eldri systir mín, sem sat við hlið mér í mjúku aftursætinu, sofnaði eftir stutta stund og ég horfði út á spegilsléttan sjóinn. Ég var yngstur í hópnum og mér leiddist þetta langdregna ferðalag.*

---

**2.6.4 Töluorð** skiptast í **frumtölur** og **raðtölur**. Frumtölur eru: *einn, tveir, þrír, fjórir* o.s.frv. Raðtölur eru: *fyrsti, annar, þriðji, fjórði* o.s.frv. Athugið að orð sem tákna tölur en bæta við sig greini eru nafnorð: *tugur/tugurinn, milljón/milljónin* o.s.frv.

### Verkefni 2 I

Finnið töluorðin í eftirfarandi texta og skráið þau. Tilgreinið hvort um er að ræða frumtölur eða raðtölur:

---

*Það var fimmtándi júní. Eftir tvo daga kæmi sautjándi júní og þá voru hátíðahöld fyrirhuguð. Þá ætluðum við að vera komin heim til ömmu, í Aðalstræti 3, þar sem herbergið mitt var á annarri hæð. Við mættum tveimur bílum með stuttu millibili. Vegurinn inn með firðinum var mjór, hér voru ekki tvær akreinar eins og víðast er á þjóðvegi 1. Þessi vegalagning hafði ekki verið í fyrsta sæti hjá Vegagerðinni.*

---

**2.6.5 Fornöfn** eru fallorð sem þjóna oftast því hlutverki að koma í staðinn fyrir nöfn eða nafnorð til að komast hjá endurtekningum. Skoðum dæmi:

Blái bíllinn var skammt fyrir framan *okkur*. *Hann* var á hægri ferð á miðjum veginum og erfitt að komast fram úr *honum*. Konan sem ók bílnum *okkar* bölvaði. *Hún* vildi fara hraðar.

Fornöfn skiptast í sex flokka. Þeir eru:

**persónufornöfn (pfn.):** ég, þú, hann, hún, það

**eignarfornöfn (efn.):** minn, þinn, sinn, vor

**spurnarfornöfn (sfn.):** hver, hvor, hvaða, hvílíkur

**ábendingarfornöfn (áfn.):** sá, þessi, hinn

**afturbeygt fornafn (afn.):** (Ekki til í nf.) sig (þf.), sér (þgf.), sín (ef.)

**óákveðin fornöfn (ófn.):** allur, annar, annar hver, annar hvor, annar tveggja, báðir, einhver, einn, enginn, fáeinir, hver, hvor, hvor tveggja, hvorugur, neinn, nokkur, sérhver, sumur (sumir), ýmis,.

*Óákveðin ábendingarfornöfn* eru: samur, sjálfur, slíkur, þvílíkur

## Verkefni 2 J

Finnið og flokkið fornöfnin í eftirfarandi texta:

„*Mér leiðist þessi hávaði. Hvaða læti eru í þér? Þú vaktir mig,*“  
*sagði systir mín. Ég hafði verið að raula lag mér til skemmtunar.*  
*Hún var önnug á svip og ég stakk upp á að hún færi aftur að hvíla sig.*  
*Einhver sem sat frammar í bílnum heyrði til okkar og hló lágt.*  
*Allir voru þreyttir og syfjaðir og aðeins fáeinir héldu sér vakandi.*

### Upprifjun við 2. kafla:

1. Hvað heita föllin?
2. Hvernig er best að finna stofn nafnorða?
3. Hvað er beygingarending?
4. Fallorð skiptast í fimm flokka. Hvað heita þeir?
5. Hver er greinirinn?
6. Á hverju þekkjast nafnorð?
7. Hvað einkennir lýsingarorð?
8. Töluorð skiptast í tvo flokka. Hvað heita þeir?
9. Fornöfn skiptast í sex flokka. Hvað heita þeir?

### Aukaskammtur

Til að muna fornafnaflokkana getum við tekið fyrsta staf framan af hverju heiti og notað orðarununa

- Á bendingarfornöfn
- S þurnarfornöfn
- A fturbeygt fornafn
- P ersónufornöfn
- Ó ákveðin fornöfn
- E ignarfornöfn

Einnig er til vísa um óákveðnu fornöfnin:

---

Annar, fáeinir, enginn, neinn,  
ýmis, báðir, sérhver,  
hvorugur, sumur, hver (og) einn,  
hvor (og) nokkur, einhver.

---

Þau óákveðnu fornöfn sem ekki komast fyrir í vísunni eru:  
*allur, annar hver, annar hvor, annar tveggja, hvor tveggja* og  
svo óákveðnu ábendingarfornöfnin: *samur, sjálfur, slíkur, þvílíkur.*

## Fallorð II

Greiningaratriðin verða skýrð í kaflanum og sýnd um þau dæmi. Ekki verður þó fjallað sérstaklega um kyn, tölu og fall sem þegar hafa verið skýrð í 2. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um **greiningaratriði fallorða**. Þau eru misjafnlega mörg eftir orðflokkum. Þrennt er það sem greint er við öll fallorð: **kyn**, **tala** og **fall**. Síðan bætast við fleiri atriði þegar fjallað er um nafnorð og lýsingarorð þar sem greind er **sterk** eða **veik beyging**. Þegar við greinum nafnorð skoðum við auk þess hvort þeim fylgir **viðskeyttur greinir** eða ekki og við lýsingarorð greinum við **stig**, **frumstig**, **miðstig** og **efsta stig**. Við lýsingarorð þarf svo að greina eitt atriði enn, það kallast **staða**. Um það verður fjallað í 4. kafla. Hér er auk þess fjallað um **sérnöfn** og **samnöfn**.

### Greinir

#### 3.1 Greiningaratriði greinis eru þrjú:

**kyn** – karlkyn, kvenkyn, hvorugkyn

**tala** – eintala, fleirtala

**fall** – nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall

#### 3.2 Dæmi um greiningu lausa greinisins:

Hér er *hinn* frægi tónlistarmaður. Dalurinn liggur á milli *hinna* stóru fjalla. Þetta er *hin* besta súpa!

	<b>kyn</b>	<b>tala</b>	<b>fall</b>
<u>hinn</u>	kk.	et.	nf.
<u>hinna</u>	hk.	ft.	ef.
<u>hin</u>	kvk.	et.	nf.

### Verkefni 3 A

Greinið kyn, tölu og fall lausa greinisins (hann er undirstrikaður) í eftirfarandi texta:

- Nú er komið hið besta veður. Nú er hin stóra stund runnin upp. Hinn frægi málari kom með flugvélinni. Þetta er sonur hinnar þekktu söngkonu. Þetta verður svona til hins efsta dags.
- Þetta er hið besta mál. Fiskur er hinn besti matur. Við sýndum hinum tignu gestum safnið. Brátt ber hið illræmda eldfjall við himin. Málin leystust og allt fór á hinn besta veg.

Þegar greinirinn er viðskeyttur greinist hann að sjálfsögðu með nafnorðinu en er ekki greindur sérstaklega.

## Nafnorð

### 3.3 Greiningaratriði nafnorða eru fimm:

**kyn** – karlkyn, kvenkyn, hvorugkyn

**tala** – eintala, fleirtala

**fall** – nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall

**beyging** – sterk beyging (sb.), veik beyging (vb.)

**með/án greinis** – með greini (m.gr.), án greinis (án gr.).

## Um greiningaratriðin

### 3.3.1 Beyging

Nafnorð hafa ýmist veika (vb.) eða sterka beygingu (sb.).

Ef nafnorð endar á sérhljóða í öllum föllum eintölu (án greinis) er sagt að það beygist veikt.

#### Dæmi um veika beygingu nafnorða:

nf.	sími	tölva	auga	Gunna	Nonni
þf.	síma	tölvu	auga	Gunnu	Nonna
þgf.	síma	tölvu	auga	Gunnu	Nonna
ef.	síma	tölvu	auga	Gunnu	Nonna

Ef nafnorð endar á samhljóða í einhverju falli í eintölu (án greinis) beygist það sterkt.

#### Dæmi um sterka beygingu nafnorða:

nf.	skál	fundur	sæti	Þráinn	Heiður
þf.	skál	fund	sæti	Þránín	Heiði
þgf.	skál	fundi	sæti	Þrání	Heiði
ef.	skálar	fundar	sætis	Þráins	Heiðar

### Verkefni 3 B

Skrifið eftirtalin orð í verkefnabók og tilgreinið hvort þau hafa sterka eða veika beygingu. Rétt er að benda á að þið getið alltaf fundið svarið með því að skoða eignarfall eintölu, án greinis. Ef orðið endar á sérhljóða í eignarfalli eintölu beygist það veikt (til *húfu* er vb.), ef það endar á samhljóða í eignarfalli eintölu beygist það sterkt (til *viðhengis* er sb.)

*bifreið, kápa, fatahengi, eldhús, spói, bekkur, vaskur, snagi, sokkur, jakki, sælgæti, hella, hellir, borð*

#### 3.3.2 Með eða án greinis

Auðvelt er að sjá hvort orð eru með greini eða án hans.

Skoðið eftirfarandi texta:

*Hljómsveitin hljóp niður tröppurnar sem voru á sviðinu og í átt að áhorfendunum sem biðu spenntir í myrkvuðum salnum. Stelpan með trompetinn var fremst en síðastur kom maðurinn með bongótrommuna.*

Skáletruðu orðin eru nafnorð með greini. Nú skulum við taka greininn aftan af þeim og sjá hvernig textinn lítur út:

*Hljómsveit hljóp niður tröppur sem voru á sviði og í átt að áhorfendum sem biðu spenntir í myrkvuðum sal. Stelpan með trompet var fremst en síðastur kom maður með bongótrommu.*

### Verkefni 3 C

Skoðið og ræðið í hverju munurinn liggur.



### 3.3.3 Sérnöfn – samnöfn

Nafnorðum má skipta í sérnöfn og samnöfn. Sérnöfn eru heiti á tilteknum einstaklingi, stað, fyrirtæki o.s.frv., *Jón, Tindastóll, Hið íslenska bókmenntafélag*. Sérnöfn er rituð með stórum staf. Samnöfn eru sameiginleg heiti yfir hóp eða tegund, *maður, fjall, félag*. Venjulega er ekki bætt greini við sérnöfn. Á því eru þó undantekningar, t.d. Hann kom siglandi á *Sólborginni*, Svífur yfir *Esjunni* sólroðið ský.

### 3.4 Dæmi um greiningu nafnorða:

*Skipið strandaði í fjörunni. Skipverjar sendu út neyðarkall.*

	kyn	tala	fall	beyging	m/án greinis
Skipið	hk.	et.	nf.	sb.	m.gr.
fjörunni	kvk.	et.	þgf.	vb.	m.gr.
Skipverjar	kk.	ft.	nf.	vb.	án gr.
neyðarkall	hk.	et.	þf.	sb.	án gr.

#### Verkefni 3 D

Greinið kyn, tölu, fall, og beygingu nafnorðanna í eftirfarandi verkefni (þau eru undirstrikuð) og tilgreinið hvort þau eru með greini eða án hans:

---

*Í brekkunni stendur hús með stóra glugga. Á því eru líka svalir sem standa á stöplum. Austan við húsið rennur lækur niður lítinn hvamm. Neðst í hvamminum er foss í læknum. Undir fossinum er hylur. Þar er brú yfir lækinn.*

---

## Lýsingarorð

3.5 Greiningaratriði lýsingarorða eru sex:

**kyn** – karlkyn, kvenkyn, hvorugkyn

**tala** – eintala, fleirtala

**fall** – nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall

**beyging** – sterk beyging (sb.), veik beyging (vb.)

**stig** – frumstig (fst.), miðstig (mst.), efsta stig (est.)

**staða** – hliðstætt (hlst.), sérstætt (sst.),

## Um greiningaratriðin

### 3.5.1 Beyging

Um lýsingarorð gildir það sama og um nafnorð. Ef lýsingarorð endar á sérhljóða í öllum föllum eintölu beygist það veikt. Ef það endar á samhljóða í einhverju falli beygist það hins vegar sterkt. Á lýsingarorðum og nafnorðum er hins vegar sá munur að **lýsingarorð geta beygst bæði sterkt og veikt** eftir stöðu í setningu. Skoðum dæmi:

Við bryggjuna liggur *stórt* (sb.) skip. Skipstjóri *stóra* (vb.) skipsins er frændi minn.

Dæmi um veika beygingu (vb.) lýsingarorðs:

	kk.	kvk.	hk.
nf.	<i>langi</i> vegurinn	<i>langa</i> snúran	<i>langa</i> bandið
þf.	<i>langa</i> veginn	<i>löngu</i> snúruna	<i>langa</i> bandið
þgf.	<i>langa</i> veginum	<i>löngu</i> snúrunni	<i>langa</i> bandinu
ef.	<i>langa</i> vegarins	<i>löngu</i> snúrunnar	<i>langa</i> bandsins

Dæmi um sterka beygingu (sb.) lýsingarorðs:

	kk.	kvk.	hk.
nf.	<i>langur</i> vegur	<i>löng</i> snúra	<i>langt</i> band
þf.	<i>langan</i> veg	<i>langa</i> snúru	<i>langt</i> band
þgf.	<i>lögum</i> vegi	<i>langri</i> snúru	<i>löngu</i> bandi
ef.	<i>langs</i> vegar	<i>langrar</i> snúru	<i>langs</i> bands

Getið þið séð hvenær lýsingarorð beygist veikt og hvenær sterkt? Hver er munurinn á nafnorðunum í dæmunum?



### Verkefni 3 E

Skráið eftirfarandi texta í vinnubók og tilgreinið hvort lýsingarorðin (undirstrikuð) hafa sterka eða veika beygingu:

Gamli maðurinn sat á háum steini og horfði út á ólgandi hafið.  
Hann var klæddur svörtum stígvélum, slitnum, brúnum buxum og grárri peysu og hafði gula sjóhattinn á höfðinu. Í huganum rifjaði hann upp hinn ævintýrlega sjómennskuferil sinn.

#### 3.5.2 Stig

Lýsingarorð hafa þrjú stig: *frumstig* (fst.), *miðstig* (mst.) og *efsta stig* (est.).  
Skoðum dæmi:

fallegur	fallegri	fallegastur	– kk
falleg	fallegri	fallegust	– kvk
fallegt	fallegra	fallegast	– hk

Blesi er auðvitað mjög *fallegur* (fst.), Jarpur er þó enn *fallegri* (mst.) en mér hefur þó alltaf þótt Skjóni *fallegastur* (est.) af þeim öllum.



Miðstigið beygist alltaf veikt. Efsta stigið getur beygst bæði sterkt og veikt eins og frumstigið.

### Verkefni 3 F

Skráið eftirfarandi texta í vinnubók og tilgreinið hvort lýsingarorðin (undirstrikuð) standa í frumstigi (fst.), miðstigi (mst.) eða efsta stigi (est.):

*Leiðin var lönq og erfið. Hún var bæði lengri og erfiðari en ég hélt. Það versta var þó að stærsti og besti bíllinn bilaði og við urðum að setja farangurinn í lítinn jeppa og fjór hjóladrífinn fólksbíl sem fararstjórinn ók. Gott var að komast heim.*

### 3.6 Dæmi um greiningu lýsingarorða:

Í bröttum hlíðunum vex *grænna* gras en á þurra sléttlendinu neðar í dalnum. *Breiður* vegur lá upp á *hæstu* hjallana. Þaðan var *frábært* útsýni yfir svæðið.

	kyn	tala	fall	beyging	stig
bröttum	kvk.	ft.	þgf.	sb.	fst.
grænna	hk.	et.	nf.	vb.	mst.
þurra	hk.	et.	þgf.	vb.	fst.
Breiður	kk.	et.	nf.	sb.	fst.
hæstu	kk.	ft.	þf.	vb.	est.
frábært	hk.	et.	nf.	sb.	fst.

### Verkefni 3 G

Greinið kyn, tölu, fall, beygingu og stig lýsingarorðanna (þau eru undirstrikuð) í eftirfarandi texta:

*Þetta er fallegur bíll. Hann er fallegri og líka stærri en ég hélt. Sætin eru klædd mýksta leðri sem ég hef séð og á gólfinu eru svartar, nýjar mottur. Þennan glæsilega bíl á sú góða kona Sólveig frænka mín.*

## Töluorð

**3.7 Greiningaratriði töluorða** eru *kyn*, *tala* og *fall* en aðeins sum töluorð beygjast samkvæmt því. Fyrstu fjórar framtölurnar beygjast í föllum.

Hér er	<i>einn</i>	<i>tveir</i>	<i>þrír</i>	<i>fjórir</i>
um	<i>einn</i>	<i>tvo</i>	<i>þrjá</i>	<i>fjóra</i>
frá	<i>einum</i>	<i>tveimur</i>	<i>þremur</i>	<i>fjórum</i>
til	<i>eins</i>	<i>tveggja</i>	<i>þriggja</i>	<i>fjögurra</i>

Þar er líka hægt að greina kyn. Ekki er hægt að greina tölu þeirra vegna þess að töluorð tákna tiltekna tölur hvert fyrir sig. Hinar framtölurnar beygjast ekki.

Raðtölur beygjast yfirleitt eins og veik lýsingarorð í frumstigi. Raðtalan *annar* beygist þó aðeins sterkt og raðtalan *fyrstur/fyrsti* beygist bæði sterkt og veikt.

Hér er	<i>fyrsti</i>	<i>(fyrstur)</i>	<i>annar</i>	<i>þriðji</i>	<i>fjórði</i>	<i>fimmti</i>
um	<i>fyrsta</i>	<i>(fyrstan)</i>	<i>annan</i>	<i>þriðja</i>	<i>fjórða</i>	<i>fimmta</i>
frá	<i>fyrsta</i>	<i>(fyrstum</i>	<i>öðrum</i>	<i>þriðja</i>	<i>fjórða</i>	<i>fimmta</i>
til	<i>fyrsta</i>	<i>(fyrsts)</i>	<i>annars</i>	<i>þriðja</i>	<i>fjórða</i>	<i>fimmta</i>

Vegna þess hversu fá töluorð beygjast greinum við þau ekki eins og önnur fallorð heldur greinum aðeins orðflokkinn. Það á bæði við um framtölur og raðtölur.

### Verkefni 3 H

Greinið töluorðin í eftirfarandi texta og tilgreinið hvort um er að ræða framtölur eða raðtölur:

*Fyrsta maí fóru þrír nemendur úr áttunda bekk saman í gönguferð niður að sjó. Þar hittu þeir tvo félagu sína. Ungmennin fimm gengu saman meðfram sjónum og skoðuðu það sem rak á fjöruna. Þar fundu þau þrjá málmbrúsa og urðu forvitin um innihald þeirra. Í þeim fyrsta var ekkert, í brúsa númer tvö var örlítið af þangi og í þriðja brúsanum voru þrír litlir steinar, tveir þeirra voru rauðir og einn brúnleitur.*



Við sum fornöfn er ekki hægt að greina kyn. Þá er best að setja þar stórt X.

## Fornöfn

3.8 Greiningaratriði fornafna eru *kyn, tala og fall*.

3.9 Dæmi um greiningu fornafna:

*Hver er þetta? Hún kom til okkar. Ég er heima hjá þér. Enginn veit hver sagði henni þetta.*

	kyn	tala	fall
Hver (sfn.)	X	et.	nf.
þetta (áfn.)	hk.	et.	nf.
Hún (pfn.)	kvk.	et.	nf.
okkar (pfn.)	X	ft.	ef.
Ég (pfn.)	X	et.	nf.
þér (pfn.)	X	et.	þgf.
Enginn (ófn.)	kk.	et.	nf.
hver (ófn.)	X	et.	nf.
henni (pfn.)	kvk.	et.	þgf.
þetta (áfn.)	hk.	et.	þf.

### Verkefni 3 I

Greinið kyn (ef það er hægt), tölu og fall fornafnanna (þau eru undirstrikuð) í eftirfarandi texta og greinið fornöfnin í undirflokk:

- a) Þú kemur með mér. Þeir verða eftir. Við komum til þeirra seinna og þá tókum við einhvern af þeim með okkur. Minn bíll er bensínlaus. Við tókum þinn.
- b) Hver á þetta höfuðfat? Það fannst í einhverju fatahengi. Enginn veit af hverju það barst til okkar. Getur þú fundið þann sem vill kannast við að eiga það? Sendu hann þá til mín og ég skal sýna honum þennan merka grip.

### Upprifjun við 3. kafla:

1. Hver eru greiningaratriði greinis?
2. Hver eru greiningaratriði nafnorða?
3. Hver eru greiningaratriði lýsingarorða?
4. Hvernig er háttáð greiningu töluorða?
5. Hver eru greiningaratriði fornafna?

## Fallorð III

Það sem tekið er fyrir í þessum kafla er í fyrsta lagi **óregluleg beyging nafnorða**, þá er fjallað um **kenniföll nafnorða** og **nokkur vandbeygð mannanöfn**, rætt um **eintöluorð** og **fleirtöluorð**. **Uppflettimynd nafnorða og lýsingarorða** er skoðuð og því næst **staða lýsingarorða**. Þá er skoðuð **beyging nokkurra fornafna** og fjallað um **mun á greini og ábendingarfornafni**.

## Nafnorð – upprifjun og viðbót

## 4.1 Óregluleg beyging nafnorða

Nokkur nafnorð hafa óreglulega beygingu. Fallbeyging þeirra er þá á annan veg en lýst hefur verið hér að framan. Best er að læra þau sérstaklega. Sex karlkynsorð beygjast óreglulega. Þau eru:

Et.	nf.	faðir	bróðir	vetur	fótur	finger	maður
	þf.	föður	bróður	vetur	fót	finger	mann
	þgf.	föður	bróður	vetri	fæti	fingeri	manni
	ef.	föður	bróður	vetrar	fótar	finger	manns

Ft.	nf.	feður	bræður	vetur	fætur	finger	menn
	þf.	feður	bræður	vetur	fætur	finger	menn
	þgf.	feðrum	bræðrum	vetrum	fótum	fingerum	mönnum
	ef.	feðra	bræðra	vetra	fóta	finger	mann

Nokkur kvenkynsorð hafa óreglulega beygingu. Hér verða sýnd nokkur þeirra:

Et.	nf.	hönd	kýr	mús	móðir	mær
	þf.	hönd	kú	mús	móður	mey
	þgf.	hendi	kú	mús	móður	mey
	ef.	handar	kýr	músar	móður	meyjar

Ft.	nf.	hendur	kýr	mýs	mæður	meyjar
	þf.	hendur	kýr	mýs	mæður	meyjar
	þgf.	höndum	kúm	músum	mæðrum	meyjum
	ef.	handa	kúa	músa	mæðra	meyja

Rifjið upp  
2.6.2, 3.3, 3.3.1,  
3.3.2, og 3.4



**Orðið ær (kind) beygist eins og kýr.**  
**Orðið lús beygist eins og mús og orðin dóttir og systir beygjast eins og móðir.**  
**Orðið kona beygist veikt en ef. ft. er óreglulegt: til kvenna.**

#### Verkefni 4 A

Skrifið eftirfarandi texta upp, fellið svigana niður og ritið orðin eins og þau eiga að vera í textanum:

*Ég sá (systir) þína reka (kýrin). Hún hrasaði og braut nöglina á stórutá vinstri (fótur) og hruflaði sig á hægri (hönd). Hún fór þá til (faðir) síns sem var að gefa (ærnar) hey. Þaðan gekk hún með (bróðir) sínum heim til (móðir) sinnar.*

#### 4.2 Kenniföll

Nafnorðum er skipt í flokka eftir því hvernig þau beygjast. Þá eru skoðaðar endingar orðanna í ákveðnum föllum og flokkað eftir því. Þessi föll eru kölluð **kenniföll** (stundum nefnd orðabókarföll). Þau eru: **nefnifall eintölu**, **eignarfall eintölu** og **nefnifall fleirtölu**. Skoðum fyrst þrjú karlkynsorð. Kenniföllin eru feitletruð:

Et.	<b>nf.</b>	<b>læknir</b>	<b>gestur</b>	<b>fjörður</b>
	þf.	lækni	gest	fjörð
	þgf.	lækni	gesti	firði
	<b>ef.</b>	<b>lækni<b>s</b></b>	<b>gest<b>s</b></b>	<b>fjarð<b>ar</b></b>
Ft.	<b>nf.</b>	<b>lækna<b>r</b></b>	<b>gestir</b>	<b>firðir</b>
	þf.	lækna	gesti	firði
	þgf.	læknum	gestum	fjörðum
	ef.	lækna	gesta	fjarða

Út frá kenniföllunum er hægt að sjá hvernig orðin beygjast. Endingar síðari kennifallanna tveggja segja til um beygingarflokk orðanna. Í þessum orðum eru þær (**-ir**, **-ar**), (**-s**, **-ir**) og (**-ar**, **-ir**).

Lítum því næst á þrjú kvenkynsorð. Kenniföllin eru feitletruð:

Et.	<b>nf.</b>	<b>skál</b>	<b>ást</b>	<b>bók</b>
	þf.	skál	ást	bók
	þgf.	skál	ást	bók
	<b>ef.</b>	<b>skálar</b>	<b>ástar</b>	<b>bókar</b>
Ft.	<b>nf.</b>	<b>skálar</b>	<b>ástir</b>	<b>bækur</b>
	þf.	skálar	ástir	bækur
	þgf.	skálum	ástum	bókum
	ef.	skála	ásta	bóka

Endingar síðari kennifalla eru: (**-ar**, **-ar**), (**-ar**, **-ir**) og (**-ar**, **-ur**).

## Verkefni 4 B

Sýnið síðari kenniföll eftirtalinna orða:

*hestur, gestur, björn, rót, rönd, borg, hugur, drykkur, sauður, þjóð, sól, selur, hlátur, grátur, hellir, höfn, lifur, hjörð*

### 4.3 Vandmeðfarin mannanöfn

Erfitt getur reynst að beygja sum mannanöfn. Þetta á einkum við ef beygja þarf tvö nöfn saman. Skoðum nokkur dæmi:

<i>Hildur Ósk</i>	<i>Elín Ýr</i>	<i>Kristinn Már</i>	<i>Nökkvi Þór</i>
<i>Hildi Ósk</i>	<i>Elínu Ýri</i>	<i>Kristin Má</i>	<i>Nökkva Þór</i>
<i>Hildi Ósk</i>	<i>Elínu Ýri</i>	<i>Kristni Má</i>	<i>Nökkva Þór</i>
<i>Hildar Óskar</i>	<i>Elínar Ýrar</i>	<i>Kristins Más</i>	<i>Nökkva Þórs</i>

## Verkefni 4 C

Finnið a.m.k. 4 tvínefni (tvö nöfn saman eins og hér að ofan), 2 kvenkyns og 2 karlkyns og fallbeygið í öllum föllum. Ræðið í þeknum um nöfnin sem þið funduð og hvernig ykkur gekk að fallbeygja þau. Eru einhver nöfn sem þið funduð sem ykkur finnst flókið að fallbeygja saman?

## Uppflettimyndir

### 4.4 Uppflettimynd nafnorðs

Þegar við leitum að nafnorði í orðabók finnum við það í nefnifalli eintölu (sjá þó hér á eftir um fleirtöluorð). **Nefnifall eintölu** er því **uppflettimynd orðsins**. Þar að auki er venja að gefa til kynna eignarfall eintölu og nefnifall fleirtölu með því að sýna beygingarendingar í þessum föllum.

		<i>eignarfall eintala → króks</i>		
		<i>nefnifall fleirtala → krókar</i>		
			<i>→ karlkyns</i>	
Dæmi:	krókur,	-s,	-ar	kk
	rófa,	-u,	-ur	kvk
	gljúfur,	-s	gljúfur,	hk

Orðið *krókur* er þá í eignarfalli eintölu *króks* og nefnifall fleirtölu er *krókar*. Út frá þessum upplýsingum getum við fundið hin föllin. Stafirnir *kk* sem standa aftan við upptalninguna tákna að orðið er *karlkyns*.

Orðið *rófa* er í eignarfalli eintölu *rófu* og nefnifall fleirtölu er *rófur*. Styttingin *kvk* táknar að orðið er kvenkyns.

Orðið *gljúfur* er í eignarfalli eintölu *gljúfurs*. Þegar kemur að fleirtölunni sjáum við að það er eins og nefnifall eintölu, *gljúfur*. Stafirnir *hk* tákna að orðið er hvorugkyns.



#### 4.5 Eintöluorð – fleirtöluorð

Sum orð eru aðeins til í eintölu, önnur í fleirtölu. Orðið *fólk* táknar einhvern óákveðinn hóp eða fjölda en orðið er eintöluorð. Það sjáum við til dæmis á sagnorðinu sem fylgir því. Við segum: *Fólkið er komið*. Sögnin er í eintölu. Skoðum til samanburðar annað orð sem finnst bæði í eintölu og fleirtölu: *Barnið er komið/börnin eru komin*.

Í orðabókinni stendur *fólk*, *-s hk*.

Fleiri eintöluorð má nefna: *hveiti, sykur, kaffi, lýsi, kopar, kæti og ástúð* eru orð sem hafa enga fleirtölu.

Fleirtöluorð eru aðeins til í fleirtölu. Ef flett eru upp á orðinu *börur* má lesa eftirfarandi: *börur, kvk ft*.

Í þessum flokki eru orð eins og *mjaltir, herðar, mæðgur* og *feðgar*.

#### Verkefni 4 D

Flettið upp í orðabók, finnið þar eftirtalin orð og skoðið þær upplýsingar sem þar er að finna:

*mjólk, silfur, birgðir, rask, kenjar*





## Fornöfn – upprifjun og viðbót

### 4.7 Um beygingu nokkurra fornafna

Afturbeygða fornafnið er ekki til í nefnifalli. Það beygist þannig:

Et. og ft.	nf.	X
	þf.	sig
	þgf.	sér
	ef.	sín

Ábendingarfornafnið *sá* beygist þannig:

		<b>kk.</b>	<b>kvk.</b>	<b>hk.</b>
Et.	nf.	sá	sú	það
	þf.	þann	þá	það
	þgf.	þeim	þeirri	því
	ef.	þess	þeirrar	þess

Ft.	nf.	þeir	þær	þau
	þf.	þá	þær	þau
	þgf.	þeim	þeim	þeim
	ef.	þeirra	þeirra	þeirra

Ábendingarfornafnið *þessi* beygist þannig:

		<b>kk.</b>	<b>kvk.</b>	<b>hk.</b>
Et.	nf.	þessi	þessi	þetta
	þf.	þennan	þessa	þetta
	þgf.	þessum	þessari	þessu
	ef.	þessa	þessarar	þessa

Ft.	nf.	þessir	þessar	þessi
	þf.	þessa	þessar	þessi
	þgf.	þessum	þessum	þessum
	ef.	þessara	þessara	þessara

Óákveðna fornafnið *nokkur* beygist þannig:

		<b>kk.</b>	<b>kvk.</b>	<b>hk.</b>
Et.	nf.	nokkur	nokkur	nokkurt, nokkuð
	þf.	nokkurn	nokkra	nokkurt, nokkuð
	þgf.	nokkrum	<b>nokkurri</b>	nokkru
	ef.	nokkurs	<b>nokkurrar</b>	nokkurs

Ft.	nf.	nokkrir	nokkrar	nokkur
	þf.	nokkra	nokkrar	nokkur
	þgf.	nokkrum	nokkrum	nokkrum
	ef.	<b>nokkurra</b>	<b>nokkurra</b>	<b>nokkurra</b>

Hvorugkynsmyndin *nokkurt* er hliðstæð en orðmyndin *nokkuð* sérstæð. Dæmi: Áttu nokkurt handklæði? Sérðu nokkuð?

Óákveðna fornafnið *enginn* beygist þannig:

		<b>kk.</b>	<b>kvk.</b>	<b>hk.</b>
Et.	nf.	enginn	engin	ekkert
	þf.	engan	enga	ekkert
	þgf.	engum	engri	engu
	ef.	<b>einskis</b>	engrar	<b>einskis</b>

Ft.	nf.	engir	engar	engin
	þf.	enga	engar	engin
	þgf.	engum	engum	engum
	ef.	engra	engra	engra

Óákveðna fornafnið *ýmis* beygist þannig:

		<b>kk.</b>	<b>kvk.</b>	<b>hk.</b>
Et.	nf.	ýmis	ýmis	ýmist
	þf.	ýmsan	ýmsa	ýmist
	þgf.	ýmsum	<b>ýmissi</b>	ýmsu
	ef.	<b>ýmiss</b>	<b>ýmissar</b>	<b>ýmiss</b>

Ft.	nf.	ýmsir	ýmsar	ýmis
	þf.	ýmsa	ýmsar	ýmis
	þgf.	ýmsum	ýmsum	ýmsum
	ef.	<b>ýmissa</b>	<b>ýmissa</b>	<b>ýmissa</b>



Athugið sérstaklega feitletruðu fallmyndirnar.

Óákveðna fornafnið *báðir* beygist þannig:

		kk.	kvk.	hk.
Ft.	nf.	báðir	báðar	bæði
	þf.	báða	báðar	bæði
	þgf.	báðum	báðum	báðum
	ef.	<b>beggja</b>	<b>beggja</b>	<b>beggja</b>

#### Verkefni 4 F

Fellið svigaorðin inn í textann í réttu falli:

*Hann sló mig án (nokkur) ... ástæðu. Þessar leiðbeiningar eru til (enginn) ... gagns. Þetta tæki er gott til (ýmis) ... hluta. Hún skrifaði bréf til þeirra (báðir) ... .*

#### 4.8 Greinir og ábendingarfornafn

Gæta verður að því að rugla ekki saman lausum greini, *hinn*, *hin*, *hið* og ábendingarfornafninu *hinn*. Skoðum dæmi:

Þessi kemur strax, *hinn* bíður. Önnur skútan sigldi til austurs, *hin* stefndi í vestur.

Skáletruðu orðin hér að ofan eru ábendingarfornöfn. Lausi greinirinn stendur alltaf með lýsingarorði. Skoðum dæmi:

Þetta er *hinn* stóri sannleikur. Hér kynnum við *hina* frægu söngkonu. Þetta er *hið* besta mál.

Hér eru skáletruðu orðin laus greinir.

#### Verkefni 4 G

Hvað er laus greinir og hvað eru ábendingarfornöfn í eftirfarandi texta (vafaorðin eru undirstrikuð):

*Þetta er hið ljúfa líf. Þú átt þennan, ég á hinn. Loksins rann hinn stóri dagur upp. Best er að fara hina leiðina. Þessi er stór en hinn er samt stærri. Hér er hin sanna hetja. Ég vil frekar sigla með hínu skipinu.*



## Verkefni 4 H

Finnið og flokkið fornöfnin í eftirfarandi texta:

Ekki er nauðsynlegt að vinna allt verkefnið. Áður en þið hefjið verkið er rétt að rifja upp: Fornafnaflokkarnir eru sex. Þeir eru **ábendingarfornöfn**, **spurnarfornöfn**, **afturbeygt fornafn**, **persónufornöfn**, **óákveðin fornöfn** og **eignarfornöfn**.

*Þeir voru komnir að húsinu þegar ég sá þá. Sá sem gekk fyrstur var með grímu fyrir andlitinu. Hann virtist ekki líklegur til að sýna neina miskunn. Enginn þeirra var sérlega aðlaðandi. Allir voru þeir vopnaðir bareflum og hver þeirra bar nokkra steina í vasanum, sumir voru með hnúajárn. Sérhver undankomuleið virtist lokuð. Ég leit vandlega yfir hópinn. „Hver er fyrirliði ykkar?“ spurði ég. Sá grímuklæddi varð fyrir svörum: „Vér erum hér í forsvari,“ mælti hann og fyrnti mál sitt. Mér kom ráð í hug. „Hver ykkar er fljótastur að tína ber?“ spurði ég. Fáeinir úr hópnnum hugsuðu sig um, aðrir virtust ekki hafa heyrt það sem ég sagði. „Mér hefur verið sagt að þið séuð of skjálfhentir af dópáti til að geta tínt ber,“ sagði ég háðslega. „Er þetta rétt?“ Það sló þögn á hópinn og brátt voru þeir allir komnir út í brekkuna fyrir austan húsið, hálfbognir og urrandi af vonsku. Þeir ætluðu að sanna fyrir mér að þeir gætu tínt ber. Því miður sá ég aldrei hvernig þeim gekk því að ég stakk mér inn og út um bakdyrnar og lét mig hverfa án þess að nokkur sæi.*

### Upprifjun við 4. kafla:

1. Hvernig beygist orðið vetur? En orðið kýr?
2. Hver eru kenniföll nafnorða?
3. Hver er uppflattimynd nafnorða?
4. Hvað er eintöluorð? En fleirtöluorð?
5. Hver er uppflattimynd lýsingarorða?
6. Hvað einkennir hliðstæð lýsingarorð? En sérstæð?
7. Hvernig er afturbeygða fornafnið í nefnifalli?
8. Hvernig beygjast fornöfnin *nokkur* og *ýmis* í kvenkyni eintölu?

## Sagnorð I

Sagnorð taka ýmsum breytingum. Í þessum kafla förum við yfir nokkrar þeirra. Hér verður fjallað um **persónur sagna, tölu** þeirra, **hátt** og **tíð**. Þessi atriði verða skýrð og sýnd um þau dæmi. Að þessu sinni verða þó aðeins sýnd dæmi um tvo hætti sem heita **boðháttur** og **nafnháttur**, en hættirnir eru alls sex. Hinir fjórir bíða betri tíma. Fleiri greiningaratriði sagna verða svo tekin fyrir í næstu köflum. Þá verður hér fjallað um **stofn sagnorða**.

## Persóna, tala, háttur, tíð

**5.1 Persónur sagna** eru þrjár, *fyrsta (1. p.), önnur (2. p.) og þriðja persóna (3. p.)*. Þetta tengist persónufornöfnunum. Fyrsta persóna er *ég*, í fleirtölu, *við*, önnur persóna er *þú*, í fleirtölu *þið*. Fornöfn þriðju persónu eru *hann, hún* og *það*, í fleirtölu *þeir, þær, þau*. Allt annað en *ég (við)* og *þú (þið)* er þriðja persóna. Skoðum dæmi:

1. p.	2. p.	3. p.
ég <i>fer</i>	þú <i>ferð</i>	hún <i>fer</i> – hann <i>fer</i> – barnið <i>fer</i> – Jón <i>fer</i> – snjórinn <i>fer</i>
ég <i>hleyp</i>	þú <i>hleypur</i>	hún <i>hleypur</i> – hann <i>hleypur</i> – barnið <i>hleypur</i> – Jóna <i>hleypur</i> – hesturinn <i>hleypur</i>

Hér sjáum við að sagnorðið tekur breytingum eftir því með hvaða persónu það stendur. Langalgengast er að sagnorð standi í þriðju persónu. Gott er að spyrja sig: „Hver gerir það sem sögnin segir?“ Þá sjáum við hver persónan er.

## Verkefni 5 A

Skrifið eftirfarandi texta upp og breytið 2. persónu í 1. persónu (þú ferð > ég fer). Takið eftir breytingunum sem verða á sagnorðunum:

*Þú kemur á morgun og hjálpar til við vinnuna. Þú hefur meðferðis stóran poka og tínir í hann rusl. Þú ert orðin stór og sterk og verður til mikils gagns.*

## 5.2 Dæmi um greiningu sagnorða eftir persónum:

Ég *held* að þið *sjáið* þegar eldfjallið *gýs*.

	persóna
held	1.p.
sjáið	2.p.
gýs.	3.p.

### Verkefni 5 B

Skrifið eftirfarandi texta upp og greinið persónu sagnorðanna (þau eru undirstrikuð):

Húsið stendur í halla. Áin rennur eftir miðjum dalnum. Vegurinn liggur niður brekkuna. Ég gekk eftir veginum og þú komst á eftir mér.



**5.3 Tala sagnorða** er tvenns konar, *eintala* (et.) og *fleirtala* (ft.). Sögnin breytist eftir því hvort hún vísar til eins eða fleiri. Skoðum dæmi:

Ég *hrópa* – við *hrópum*. Hún *söng* – þær *sungu*. Hann *ekur* – þeir *aka*.

### Verkefni 5 C

a) Skrifið eftirfarandi texta upp og breytið eintölu í fleirtölu:

Unga konan ók bílnum. Framundan blasti húsið við. Þangað ætlaði hún að fara og bíllinn seig hægt upp brekkuna.

b) Skrifið eftirfarandi texta upp og breytið fleirtölu í eintölu:

Hestarnir skokkuðu glaðir í austurátt. Knaparnir sátu uppréttir á baki þeirra og héldu um taumana. Engar hindranir voru sýnilegar.

Takið eftir því að ef skipt er um tölu breytist fleira en sagnorðið.

## 5.4 Dæmi um greiningu sagnorða eftir persónum og tölum:

Við göngum á fjallið og þú kemur með. Brekkan er brött.  
Hestarnir hlupu og hundurinn gelti.

	persóna	tala
göngum	1.p.	ft.
kemur	2.p.	et.
er	3.p.	et.
hlupu	3.p.	ft.
gelti.	3.p.	et.

### Verkefni 5 D

Greinið persónu og tölu sagnorðanna (þau eru undirstikuð) í eftirfarandi texta:

Ég var ánægður með myndina sem við sáum í gær. Hún er ágæt.  
Þið sjáið hana seinna.

5.5 Hættir sagna eru sex. Hér skoðum við tvo þeirra, *boðhátt* og *nafnhátt*.

**Boðháttur** (bh.) táknar boð eða skipun. Hann er aðeins til í 2.p. et. og ft. Fornafn 2. persónu eintölu rennur mjög oft saman við sagnorð í boðhætti: *far þú > farðu*, *kom þú > komdu*, *elda þú > eldaðu*.  
Skoðum dæmi um boðhátt:

*Farðu. Komdu. Sigldu. Stattu. Eldaðu. Borðaðu matinn þinn.  
Farið. Komið. Siglið. Standið. Eldið. Borðið matinn ykkar.*

**Nafnháttur** (nh.) er nafnið (heitið) á sagnorðinu og er uppfléttimynd eða orðabókarmynd þess. Hann endar oftast á *-a*, (*kalla*, *skrifa*) en nokkrar sagnir enda á *-á* (*fá*, *sjá*, *skrá*). Við spyrjum: „Hvaða sögn er þetta?“ Svarið verður þannig: „Þetta er sögnin að *hljóta*, sögnin að *vita*, sögnin að *ná* ...“ o.s.frv.



### Verkefni 5 E

Finnið *boðhátt* og *nafnhátt* í eftirfarandi texta:

---

*Farðu nú að vinna. Haltu á þessum poka með mér heim. Jón var að slá lóðina í gær og sonur hans var að raka grasinu saman. Takið saman verkfærin og gerið það strax. Við erum að flýta okkur.*

---

**5.6 Tíðir sagnorða** eru tvær, *nú tíð* (nt.) og *þá tíð* (þt.). Sagnorð hafa mismunandi form eftir því hvort þau vísa til liðins tíma eða ekki. Ég *gríp* er *nú tíð* – ég *greip* er *þá tíð*.

### Verkefni 5 F

a) Skrifnið eftirfarandi texta upp og breytið *nú tíð* í *þá tíð*:

---

*Vigdís talar við Áslák. Flugvélin lendir eftir hádegið. Björg hleypur eftir götunni. Sólin skín allan daginn. Hundurinn geltir grimmdarlega. Tréð vex við vegginn.*

---

b) Skrifnið eftirfarandi texta upp og breytið *þá tíð* í *nú tíð*:

---

*Sólveig hélt upp á afmælið sitt. Börnin grétu ekki lengi. Friðrik sópaði gólfíð. Völlurinn þornaði. Gamli maðurinn brosti. Flugan flaug milli blómanna.*

---



### Verkefni 5 G

Setjið sagnorðin í *þá tíð* og takið eftir hvernig merking textans breytist. Ræðið í bekknum.

---

*Jörðin er heimili okkar allra. Við verðum að læra að umgangast hana af virðingu. Fólkíð sem býr á Jörðinni verður að taka höndum saman um að breyta lífstíl sínum. Okkur ber skylda til að ganga vel um og sjá til þess að komandi kynslóðir hafi sömu möguleika á því að lifa svipuðu lífi og við gerum.*

---

## 5.7 Dæmi um greiningu sagnorða eftir persónum, tölum og tíðum

Ég fékk nýtt hjól í afmælisgjöf. Foreldrar mínir gáfu mér það. Nú fer ég út að hjóla. Þið megið gjarnan koma með.

	persóna	tala	tíð
fékk	1.p.	et.	þt.
gáfu	3.p.	ft.	þt.
fer	1.p.	et.	nt.
megið	2.p.	ft.	nt.

### Verkefni 5 H

Greinið persónu, tölu og tíð undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta:

Ein kom á undan hinum í mark. Þær sem komu næst höfðu næstum því náð henni. Ég sá þær við markið. Þið leggið af stað fljótlega. Hverjar eru á brautinni núna? Þær sem keppa í spretthlaupinu. Ein þeirra er í bekk með mér.

**5.8 Stofn sagnorða finnst í boðhætti í eintölu** þegar persónufornafnið er ekki áfast við sögnina. Dæmi: *far þú, hlaup þú, borða þú, skrifa þú*; *a* í enda sagnarinnar í nafnhætti er stundum beygingarending, en ekki alltaf. Einföld regla segir að þær sagnir sem enda á *-aði* í 1. pers., et., þt. halda *a* í stofni (sbr. ég *borðaði*, ég *skrifaði* en hins vegar ég *fór*, ég *hljóp*).

### Verkefni 5 I

Finnið stofn eftirtalinna sagnorða:

*skrúfa, gefa, lita, brjóta, hnýta, banna, brytja, klípa*

### Upprifjun við 5. kafla:

1. Hverjar eru persónur sagna?
2. Hverjar eru tölur sagna?
3. Hverjar eru tíðir sagna?
4. Hvernig er boðháttur?
5. Hvaða háttur sýnir okkur heitið á sögninni?
6. Hvar finnum við stofn sagnorða?

## Sagnorð II

Í þessum kafla er fjallað um **greiningaratriði sagnorða**. Þau eru sex, **persóna, tala, háttur, tíð, mynd** og **beyging**. Í þessum kafla verður farið í að skýra **framsöguhátt, viðtengingarhátt, lýsingarhátt nútíðar** og **lýsingarhátt þátíðar**. Einnig er rætt um það sem kallast **bein** og **óbein ræða**. Hættirnir skiptast í **persónuhætti** og **fallhætti**.

Myndir sagna eru þrjár, **germynd, miðmynd** og **þolmynd**, og við skoðum fyrstu tvær. **Beyging sagna** er þrenns konar, **sterk, veik** og **blönduð**. Hér verður litið á sterka og veika beygingu og fjallað verður um **kennimyndir sagna** sem eru mismunandi eftir beygingu þeirra.

**6.1 Persónuhættir.** Hættir sagna eru sex, eins og fyrr kom fram. Þrír þeirra, *framsöguháttur, viðtengingarháttur* og *boðháttur* kallast einu nafni *persónuhættir*. Um boðhátt var rætt í 5. kafla. Hinir tveir verða skoðaðir hér á eftir.

**6.1.1 Framsöguháttur (fh.) og viðtengingarháttur (vh.).** Við byrjum á að skoða sögnina að *fara* í eftirfarandi setningum:

Ég *fer* á sunnudaginn.  
Ég hugsa að ég *fari* á sunnudaginn.

Í fyrri setningunni er *bein* og afdráttarlaus yfirlýsing; ég *fer*.  
Í seinni setningunni er lýst yfir möguleika. Ég er ekki viss, ég held að ég *fari*.  
Skoðum annað dæmi:

Björn *er* heima.  
Ég held að Björn *sé* heima.

Hér er það sama á ferðinni. Í fyrri tilvikinu er Björn áreiðanlega heima en í seinna dæminu er það óvíst.



**Viðtengingarháttur  
getur táknað ósk  
eða bæn. Dæmi:  
Gangi þér vel.  
Fari það norður  
og niður.**

Ég fer ... er bein frásögn, bein yfirlýsing án skilyrða.  
Það kallast framsöguháttur.

... að ég fari ... er háð skilyrði, táknað möguleika, eitthvað sem er óvíst.  
Það kallast viðtengingarháttur.

Það sama gerist í seinna tilvikinu.

Björn er ... þetta er framsöguháttur  
... að Björn sé ... þetta er viðtengingarháttur.

Bein spurning stendur í framsöguhátti:

Sóttir þú töskuna?  
Verður hann lengi?

Gætið þess að rugla ekki saman framsöguhátti og boðhátti. Boðháttur er, aðeins til í 2. persónu, et. eða ft., og táknað boð eða skipun.

Viðtengingarháttur af sögn má alltaf finna með því að setja orðin *þótt ég* fyrir framan orðið: Þótt ég sæki þetta ekki ... þótt ég fari á morgun ... o.s.frv.

### 6.1.2 Bein og óbein ræða

Bein ræða er það kallað þegar eitthvað er tekið orðrétt upp eftir einhverjum. Bein ræða er venjulega afmörkuð með gæsalöppum. Merkingarmun framsöguháttar og viðtengingarháttar sjáum við vel ef við skoðum beina og óbeina ræðu:

„Ég á góðan bíl,“ sagði Sveinn.

Hér er sögnin *að eiga* (skáletruð) í framsöguhátti. Takið eftir því, þó að það komi háttunum ekki beint við, að bein ræða er afmörkuð með gæsalöppum eins og áður sagði.

Óbein ræða er það kallað þegar sagt er frá því að einhver hafi sagt eitthvað í stað þess að hafa það beint eftir:

Sveinn sagði að hann *ætti* góðan bíl.

Nú er sögnin *að eiga* komin í viðtengingarhátt. Óbein ræða er ekki afmörkuð með gæsalöppum.

Beinni ræðu er alltaf hægt að breyta í óbeina ræðu og öfugt.

Björn sagði að flugvélin væri lent.

Þetta er óbein ræða. Sögnin *að vera* er hér í viðtengingarhætti. Nú breytum við þessu í beina ræðu, setjum gæsalappir og sögnina í framsöguhátt.

„Flugvélin er lent,“ sagði Björn

### Verkefni 6 A

- a) Breytið beinni ræðu í óbeina í eftirfarandi setningum með því að búa til viðtengingarhátt. Dæmi: „*Það þarf að vökva blómin,*“ sagði Steingrímur > *Steingrímur sagði að það þyrfti að vökva blómin.*

---

„*Laxinn gengur í árna,*“ sagði Friðfínnur.

„*Hún er að lesa,*“ segir Einar.

„*Eldurinn deyr út,*“ segir Arna.

„*Bókin er góð,*“ segir Guðrún.

---

- b) Breytið óbeinni ræðu í beina í eftirfarandi setningum með því að breyta viðtengingarhætti í framsöguhátt. Dæmi: *Þórarinn segir að Björn sé bestur.* > *Þórarinn segir: „Björn er bestur.“* Munið eftir gæsalöppunum:

---

*Gunnfríður segir að veðrið hafi versnað.*

*Baldur spyr hvort einhver ætli með.*

*Hildur kallaði á eftir mér hvort ég vildi ekki kaffi.*

*Ása spurði hvar Helga væri.*

---

**6.2 Dæmi um greiningu sagnorða eftir persónum, tölum, háttum og tíðum.** Í þessu dæmi koma aðeins fyrir þrjár af háttunum, þ.e. persónuhættirnir: *framsöguháttur*, *viðtengingarháttur* og *boðháttur*.

Nú *kæmi* sér vel ef þú *ættir* penna. *Vertu* heima við í dag. Hvar *eru* piltarnir? Þeir *fóru* áðan.

	Pers.	tala	háttur	tíð
kæmi	3.p.	et.	vh.	þt.
ættir	2.p.	et.	vh.	þt.
Vertu	2.p.	et.	bh.	nt.
eru	3.p.	ft.	fh.	nt.
fóru	3.p.	ft.	fh.	þt.

### Verkefni 6 B

- a) Greinið persónu, tölu, hátt og tíð undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta. Í verkefninu koma aðeins fyrir *framsöguháttur*, *viðtengingarháttur* og *boðháttur*:

Ég vil að þú komir með okkur. Taktu saman dótið þitt og pakkaðu því niður. Bráðum fer vagninn og við reiknum með því að allt gangi vel.

- b) Sýndu eftirtaldir sagnir í framsöguhátti (1.p. et. nt.), í viðtengingarhátti (1.p. et. nt.) og boðhátti (et.):

Dæmi: *gefa* > ég gef (fh.) – þótt ég gefi (vh.) – gefðu (bh.)

*fara, brjóta, grípa, súpa, síga, verja, kenna*

### 6.3 Fallhættir

Fallhættir sagnorða eru þrjár eins og áður hefur komið fram, *nafnháttur*, *lýsingarháttur nútíðar* og *lýsingarháttur þátíðar*. Í 5. kafla var rætt um nafnhátt. Nú skoðum við hina tvo.

Þegar við greinum sagnir í fallháttum greinum við hvorki persónu eða tölu. Sú greining tilheyrir persónuháttunum enda draga þeir nafn sitt af því. Þess í stað setjum við X.

### 6.3.1 Lýsingarháttur nútíðar er auðþekktur. Hann endar alltaf á *-andi*.

Skoðum dæmi:

Hún kom *syngjandi* inn ganginn. Þú ert vel *skrifandi*. Ljósíð var *logandi* þegar ég kom heim. Barnið var *skriðandi* á fjórum fótum.

#### Verkefni 6 C

Sýnið lýsingarhátt nútíðar af eftirtöldum sögnum:

Dæmi: sögnin *að lesa*, *lesandi*

*hlaupa, fagna, hjóla, renna, sjóða, svíkja*

### 6.3.2 Lýsingarháttur þátíðar myndast með hjálparsögn. Hann táknað það sem er liðið eða hefur verið gert. Skoðum dæmi:

Jón hefur *skrifað* ritgerðina.

Aðalsögnin í setningunni er sögnin *að skrifa*. Sögnin *að hafa* er hér aðeins til aðstoðar við aðalsögnina, til að breyta merkingu hennar lítillega. Hún kallast **hjálparsögn**. Skoðum fleiri dæmi:

Bíllinn var *sóttur* daginn eftir. Ég hef verið *eltur* lengi. Jónína hefur *legið* veik heima. Bókin verður *lesin*.

#### Verkefni 6 D

Sýnið lýsingarhátt þátíðar af eftirtöldum sögnum. Notið hjálparsögnina *að hafa*:

Dæmi: *að bíta*, hef *bitið*

*grafa, fljóta, fljúga, byggja, falla, henda*



## Samantekt um hætti sagna

### 6.4 Hættir sagna hafa mismunandi merkingu

Hættirnir sex þjóna þeim tilgangi að breyta merkingu sagnarinnar eftir því hvað er verið að segja. Oftast er auðvelt að þekkja hættina í sundur.

#### 6.4.1 Persónuhættir:

**Framsöguháttur:** bein framsögn, frásögn án skilyrða eða bein spurning:

Ég gríp boltann. Við stóðum þar. Hún hleypur lengi. Áttir þú þetta blað?  
Skilurðu þetta?

---

**Viðtengingarháttur:** táknað möguleika, eitthvað háð skilyrði, bæn, ósk:

Ég kemst þótt ég fari hægt. Þeir töldu að þeir gætu þetta. Gangi þér vel. Guð hjálpi þér. Ég færi ef ég gæti.

---

**Boðháttur:** bein skipun í 2. persónu eintölu eða fleirtölu:

Komdu með mér. Vertu kyrr. Sittu bein. Hafðu lágt. Grípið tækifærið.  
Siglið skipinu til hafnar.

---

#### 6.4.2 Fallhættir:

**Nafnháttur;** heitið (nafnið) á sagnorðinu, uppfléttimyndin:

Þetta er sögnin að *dvelja*; sögnin að *kúra*. Hann er að *lesa*, hún er að *skrifa*. (Ath. að nafnháttarmerkið *að* er ekki hluti af sögninni.)

---

**Lýsingarháttur nútíðar;** endar á *-andi*, stendur með annarri sögn:

Hann kom *akandi*. Þeir fóru *grátandi* út. Hún er *sofandi*.

---

**Lýsingarháttur þátíðar;** myndast með hjálparsögn (einni eða tveimur):

Bergur hefur *lokið* verkinu. Björg er *orðin* gömul. Þeir bræður munu hafa *komið* hér. Göngin voru *grafin* um haustið.

---



## Verkefni 6 E

- a) Búið til setningar þar sem eftirtalin sagnorð koma fyrir, sex setningar fyrir hvert sagnorð og látið sagnorðið koma fyrir í öllum sex háttunum. Skrifið við hverja setningu í hvaða hætti sagnorðið stendur:

Dæmi: Ég les heima (fh.), þótt ég lesi hægt (vh.), lestu greinina (bh.), hann er að lesa blaðið (nh.), hún var lesandi í alla nótt (lh. nt.), ég hef lesið bókina (lh. pt.)

Gerðið nú eins við eftirtaldar sagnir: *bjóða, svífa, sigla*

- b) Greinið hætti undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta:

Allt í einu heyrði ég hávaða ofan af loftinu. Brátt kom Jóngeir svífandi fram á stigapallinn. Hann baðaði út höndunum til að reyna að ná jafnvæginu. „Komdu þér út, bölvaður ódámurinn þinn,“ var öskrað innan úr herberginu. Sá sem hafði sagt þetta birtist nú á pallinum. „Hafðu þetta. Þú ættir skilið að fá rækilega ráðningu,“ urraði hann. Honum var augsnílegu skemmt og hann virtist ekki hafu áhyggjur af því þótt Jóngeir dytti fram af pallinum.

### 6.5 Dæmi um greiningu sagnorða eftir persónum, tölum, háttum og tíðum.

Steinnun flýgur til Akureyrar. Hún hefur dvalið þar áður. Þá var hún að vinna í verksmíðju og fór oftast gangandi í vinnuna. Sendið henni nú þetta bréf.

	pers.	tala	háttur	tíð
flýgur	3.p.	et.	fh.	nt.
hefur	3.p.	et.	fh.	nt.
dvalið	X	X	lh.	pt.
var	3.p.	et.	fh.	pt.
vinna	X	X	nh.	nt.
fór	3.p.	et.	fh.	pt.
gangandi	X	X	lh.	nt.
Sendið	2.p.	ft.	bh.	nt.



Munið það sem nefnt var í 6.3, að við fallhætti greinum við hvorki persónu eða tölu. Í þá reiti setjum við X.

## Verkefni 6 F

Greinið persónu, tölu, hátt og tíð undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta (munið að þið greinið ekki persónu eða tölu við fallhætti):

*Lastu bókina? Já, hún var skemmtileg. Er bróðir þinn búinn að lesa hana? Nei, hann hefur verið upptekinn. En systir mín las hana. Hún var enn hlæjandi þegar ég fór að heiman.*

## Myndir sagna

**6.6 Myndir sagna** eru þrjár, *germynd*, *miðmynd* og *þolmynd*.

Skoðum nú germynd og miðmynd. Reglan um germynd og miðmynd er ofureinföld: **Öll sagnorð standa í germynd þar til við þau er bætt -st, eftir það standa þau í miðmynd.** Skoðum dæmi:

Björn kyssti Gunnu. Jón barði Björn. Hér eru sagnorðin í germynd.

Björn og Gunna kysstust. Jón og Björn börðust. Nú eru sagnorðin í miðmynd.

Sagnir breyta oft um merkingu þegar þær eru settar í miðmynd en oft er merkingin þó skyld grunmerkingunni. Skoðum dæmi:

Skipið fór í gær. Hér er sagnorðið í germynd.

Skipið fórst í gær. Nú er sagnorðið í miðmynd og merkingin hefur breyst.

Skoðum fleiri dæmi:

Að láta merkir að afhenda eða samþykkja.

Að látast merkir að deyja eða þykjast.

Að fljúga merkir að lyfta sér frá jörðu.

Að fljúgast (tekur með sér á) merkir að standa í átökum.

Að klæða merkir að færa einhvern í föt.

Að klæðast merkir að klæða sig sjálfa/n.

Að byggja merkir að reisa hús.

Að byggjast merkir að óbyggt svæði hafi breyst í byggð.

## Verkefni 6 G

a) Greinið mynd undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta:

---

Viðskiptavinurinn lagði fram stóra pöntun. Stúlkan í afgreiðslunni snaraðist inn í vörugeymslu og kom brátt aftur með fullt af vörum sem hún lagði á borðið. Þá var viðskiptavinurinn farinn. Stúlkan neyddist til að fara með vörurnar inn aftur og reiddist dálítið sem vonlegt var.

---

b) Búið til setningar úr eftirtöldum sagnorðum, tvær fyrir hverja sögn og hafið germynd í annarri setningunni en miðmynd í hinni. Athugið að stundum þarf að bæta við orði eða orðum eins og þið sáuð með sögnina að fljúgast hér að framan þar sem varð að bæta smáorðinu á við til að fá rétta merkinguna:

Dæmi: beygja – Hann beygði (gm.) út af veginum – Öll fallorð beygjast (mm.) í föllum

---

*hjálpa, mata, hrífa, skrifa, ráða, bíta, bjóða, draga*

---

## Verkefni 6 H

Greinið persónu, tölu, hátt, tíð og mynd undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta. Það er gert eins og í 6.2 og 6.5 nema nú bætist við mynd, germynd (gm.) eða miðmynd (mm.):

---

Gunnólfur tók þátt í hlaupi um helgina. Hann hefur oft náð góðum árangri enda hefur hann verið hlaupandi síðan hann var ungur. Ég sóttist alltaf eftir að keppa við hann. Það tókst loks í fyrra. Við komum á sama tíma í mark. Gaman væri að vinna hann einhvern tíma.

---

## Beyging sagna

**6.7 Beyging sagna** er þrenns konar: *sterk beyging* (sb.), *veik beyging* (vb.) og *blönduð beyging* (bb.). Hér er fjallað um *sterka* og *veika* beygingu. *Blandaða beygingin* verður skoðuð í 7. kafla.

– Til að finna beygingu sagna skoðum við **kennimyndir** (km.) þeirra.

**6.7.1 Sterkar sagnir** hafa fjórar kennimyndir. Þær eru nafnháttur, (nh. nt.) fyrsta persóna eintala framsöguháttur þátíðar (1.p.et.fh.pt), fyrsta persóna fleirtala framsöguháttur þátíðar (1.p.ft.fh.pt) og lýsingarháttur þátíðar (lh.pt.).

Skoðum sögnina að *hlaupa* og finnum kennimyndir hennar með því að nota hjálparorðin sem gefin eru upp innan sviganna ofan við sagnorðin:

(að)	(ég þt.)	(við þt.)	(hef)
<i>hlaupa</i>	<i>hljóp</i>	<i>hlupum</i>	<i>hlaupið</i>

Þannig beygjast allar sterkar sagnir:

<i>fljúga</i>	<i>flaug</i>	<i>flugum</i>	<i>flogið</i>	<i>bresta</i>	<i>brast</i>	<i>brustum</i>	<i>brostið</i>
---------------	--------------	---------------	---------------	---------------	--------------	----------------	----------------

### Verkefni 6 I

Beygið eftirtaldar sagnir í kennimyndum:

*grípa, taka, sjóða, bíta*

**6.7.2 Veikar sagnir** hafa þrjár kennimyndir. Þær eru nafnháttur (nh.nt.), fyrsta persóna eintala framsöguháttur þátíðar (1.p.et.fh.þt), og lýsingarháttur þátíðar (lh.þt.).

Þriðju kennimynd sterkra sagna (við þt.) er sleppt þar sem hún er óþörf hjá veikum sögnum til að sýna beyginguna. Við tökum dæmi af sögninni að *skrifa* og aftur notum við hjálparorð til að finna kennimyndirnar.

(að)	(ég þt.)	(hef)
<i>skrifa</i>	<i>skrifaði</i>	<i>skrifað</i>

Kennimyndir allra veikra sagna eru þannig:

<i>telja</i>	<i>taldi</i>	<i>talið</i>
<i>borða</i>	<i>borðaði</i>	<i>borðað</i>

### Verkefni 6 J

Beygið eftirtaldar sagnir í kennimyndum:

*hella, berja, skima, tálga*

## Kennimyndir

**6.7.3 Að beygja sagnir í kennimyndum.** Þegar sagnir eru beygðar í kennimyndum er gott að hafa tvennt í huga. Annars vegar að ef önnur kennimyndin (ég þt.) er aðeins **eitt atkvæði**, þá er sögnin sterk og kennimyndirnar fjórar. Ef hins vegar sögnin er meira en eitt atkvæði og endar á **-ði, -di** eða **-ti** í annari kennimynd (ég þt.), þá er hún veik og kennimyndirnar bara þrjár.

Skoðum nú dæmi um nokkrar sagnir sem beygðar eru í kennimyndum. Við notum sömu hjálparorðin fyrir veikar og sterkar sagnir og X er sett við þriðju kennimynd veikra sagna:


(að)	(ég þt.)	(við þt.)	(hef)
<i>líta</i>	<i>leit</i>	<i>litum</i>	<i>litið</i>
<i>keyra</i>	<i>keyrði</i>	X	<i>keyrt</i>
<i>bera</i>	<i>bar</i>	<i>bárum</i>	<i>borið</i>
<i>vera</i>	<i>var</i>	<i>vorum</i>	<i>verið</i>
<i>hafa</i>	<i>hafði</i>	X	<i>haft</i>
<i>koma</i>	<i>kom</i>	<i>komum</i>	<i>komið</i>
<i>mála</i>	<i>málaði</i>	X	<i>málað</i>

### Verkefni 6 K

a) Beygið eftirtaldar sagnir í kennimyndum:

*krjúpa, bjóða, breyta, merkja, fara, tengja, kynna, kenna, setja, drekka, berja, éta*

b) Finnið nokkrar sagnir sem lýsa því sem þið gerið dagsdaglega og beygið þær í kennimyndum.



## Full greining sagnorða

6.8 Dæmi um fulla greiningu sagnorða eftir persónum, tölum, háttum, tíðum, myndum og beygingu, öllum greiningaratriðum eru gerð skil:

*Getur þú komið með að veiða í Þverá? Það væri gaman ef þú kæmist. Við ætlum gangandi út að ánni og reisum þar tjald.*

	pers.	tala	háttur	tíð	mynd	beyging
Getur	2. p.	et.	fh.	nt.	gm.	sb.
komið	X	X	lh.	þt.	gm.	sb.
veiða	X	X	nh.	nt.	gm.	vb.
væri	3. p.	et.	vh.	þt.	gm.	sb.
kæmist	2. p.	et.	vh.	þt.	mm.	sb.
ætlum	1. p.	ft.	fh.	nt.	gm.	vb.
gangandi	X	X	lh.	nt.	gm.	sb.
reisum	1. p.	ft.	fh.	nt.	gm.	vb.

### Verkefni 6 L

Greinið persónu, tölu, hátt, tíð, mynd og beygingu undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta:

*Síðast þegar við vorum við vatnið veiddist vel. Ég fékk nokkra fiska. Félagar mínir veiddu líka dálítið. Silungurinn reyndist bragðgóður og við horðuðum sumt af honum en reyktum hitt. Silunginn hengdum við upp í reykkofanum. Best er að nota tað til að reykja silung.*

### Upprifjun fyrir 6. kafla:

1. Hver eru greiningaratriði sagnorða?
2. Hvað heita hættir sagna og hve margir eru þeir?
3. Hverjir eru persónuhættirnir?
4. Hverjir eru fallhættirnir?
5. Hvað er það sem greint er við persónuhætti en ekki við fallhætti?
6. Hvað heita myndir sagna?
7. Hvernig er miðmynd mynduð af germynd?
8. Hvaða munur er á kennimyndum sterkra og veikra sagna?

## Sagnorð III

Í þessum kafla verður fjallað um **þolmynd sagna**. Þá er rætt um skrátna reglu sem kölluð er **þþ-reglan**. Í 6. kafla var fjallað um *sterka* og *veika beygingu sagna* en í þessum kafla verður rætt um það sem kallað er **blönduð beyging sagna** og nær aðeins til 14 orða. Þá er hér umfjöllun um **ópersónulegar sagnir**, rætt er um **orsakarsagnir**, sem eru *veikar sagnir* dregnar af *sterkum sögnum* og að lokum er fjallað um **afleiddar myndir sagna** og sýnt hvernig hinar ýmsu orðmyndir eru dregnar af kennimyndunum. Sú þekking hjálpar ykkur til að stafsetja orð rétt.

## Þolmynd

**7.1 Þolmynd er mynduð af tveimur sagnorðum.** Í síðasta kafla var fjallað um *germynd* og *miðmynd*. Þolmynd er mynduð af tveimur sagnorðum sem hvort um sig stendur annaðhvort í germynd eða miðmynd (langoftast í germynd), annars vegar sögnunum að *vera* eða *verða* og svo *lýsingarhætti þátíðar* af aðalsögninni. Skoðum dæmi:

Stúlkan *verður borin* heim. Húsið *var málað*. Laxinn *er veiddur* í ánni.

Athugið að sagnirnar að *vera* og að *verða*, sem mynda þolmyndina, geta staðið með hjálparsögnum. Húsið *hefur verið málað*. Laxinn *mun hafa verið veiddur* í ánni. Sagnasambandið stendur eftir sem áður í þolmynd.

**7.1.1 Þolmynd tekur með sér geranda** sem framkvæmir eða hefur framkvæmt verknaðinn. Á undan honum fer forsetningin *af*. Gerandinn er þó ekki alltaf sýnilegur en við vitum að hann er á bak við það sem gerist. Einhver hefur framkvæmt (eða mun framkvæma) það sem fram kemur í sagnasambandinu. Setningin *vegurinn var lagður* stendur í þolmynd þó að ekki sé minnst á það hver lagði veginn.

Stúlkan *verður borinn* heim *af foreldrunum*. Húsið *var málað af málara-num*. Laxinn *er veiddur af veiðimanninum*. Ef þessi gerandi er ekki fyrir hendi (þó að hann sé ekki nefndur) er ekki talað um þolmynd. Ef við segjum *Fuglinn er floginn* er það enginn annar en fuglinn sjálfur sem framkvæmir verknaðinn og því ekki um þolmynd að ræða. Við getum

ekki sagt *Fuglinn er floginn af einhverjum öðrum*. Ef við segjum hins vegar *Flugvélinni var flogið* þá er það þolmynd af því að einhver hefur framkvæmt það. *Flugvélinni var flogið af flugmanninum*.

### 7.1.2 Allar sagnir standa annaðhvort í germynd eða miðmynd.

Þolmyndin er sett saman úr tveimur sögnum sem hljóta að standa annaðhvort í germynd eða miðmynd. Þess vegna greinum við sagnirnar fyrst í germynd eða miðmynd og þolmyndina greinum við sérstaklega á eftir.

### 7.1.3 Ekki geta allar sagnir staðið í þolmynd.

Þar má nefna sagnirnar að *vera*, að *verða*, að *vilja* o.m.fl. Ef við segjum *Hann er orðinn stór* vantar gerandann. Sagnirnar að *vera* og að *vilja* geta einfaldlega ekki staðið í þessari stöðu. Þetta sama á við um miðmynd. Þær sagnir sem hér voru nefndar geta heldur ekki staðið í miðmynd og svo er um margar fleiri.

## 7.2 Dæmi um greiningu sagna eftir persónum, tölum, háttum, tíðum og myndum:

*Bílnum var ekið í áttina að húsinu. Vegurinn hafði verið malbikaður nýlega.*

	pers.	tala	háttur	tíð	mynd
var	3.p.	et.	fh.	þt.	gm.
ekið	X	X	lh.	þt.	gm.
var ekið = þm.					
hafði	3.p.	et.	fh.	þt.	gm.
verið	X	X	lh.	þt.	gm.
malbikaður	X	X	lh.	þt.	gm.
hafði verið malbikaður = þm.					





## Verkefni 7 A

Greinið persónu, tölu hátt, tíð og mynd undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta:

Ég fór í sveitina í vor. Þar var ég þar til slætti lauk. Túnin voru slegin í júlí. Svo var heyið hirt. Eftir það tók ég rútu austur á Hérað því að ég hef svo gaman af að ferðast.

### 7.3 þp-reglan

Miðmynd myndast með því að bæta -st við germyndina. Við getum þess vegna gengið út frá því að ef sögn endar á -st þá sé þar með ljóst að hún standi í miðmynd. Frá þessu er þó ein undantekning. Hún hljóðar þannig:

**Sterkar sagnir mynda 2. persónu eintölu í þátíð með því að bæta -st við sögnina. Skoðum dæmi:**

að fljúga	ég flaug
	þú flaugst
	fuglinn flaug

Sögnin að *grípa* verður þú greipst; að *fara* verður þú fórst; að *bera* verður þú barst.

Með því að skipta um persónu getum við séð hvort um er að ræða miðmynd eða germynd:

Þú *fékkst* fallega jólagjöf. Breytum sögninni í 1. persónu. Ég *fékk* fallega jólagjöf. Þetta -st sem kemur á sögnina í 2. p. fellur út þegar skipt er yfir í 1. p. Þá er þetta germynd. Skoðum annað dæmi: Þú komst í úrslit. Breytum í 1.p.: Ég komst í úrslit. Endingin -st fellur ekki brott. Þá er þetta miðmynd.

Nafnið á þessari reglu er dregið af hjálparorðunum *þú* í þátíð.

## Verkefni 7 B

Greinið mynd undirstrikuðu sagnorðanna í eftirfarandi texta:

Þú braust á þér tána þegar þú stökkst ofan af stólnum. Þú hefstir betur sest í stólinn. Hér er bókin sem þú lést mig fá. Þú lest hana í kvöld. Þú hefur lést um nokkur kíló við þessar þrengingar.

Rifjið upp kafla  
6.7, 6.7.1, 6.7.2  
og 6.7.3

## Blönduð beyging sagna

**7.4 Blönduð beyging sagna nær aðeins yfir 14 orð.** Það eru annars vegar *núpálegar sagnir* og hins vegar *ri-sagnir*.

**7.4.1 Núpálegar sagnir eru 10:** *eiga, mega, unna, kunna, muna, munu, skulu, þurfa, vita, vilja*.

Kennimyndir þeirra eru fjórar: nafnháttur (nh.nt.), fyrsta persóna eintala framsöguháttur nútíðar (1.p.et.fh.nt), fyrsta persóna eintala framsöguháttur þátíðar (1.p.et.fh.pt), og lýsingarháttur þátíðar (lh.pt.).

Hér eru sýnd dæmi um kennimyndir af sögnunum að *vita* og að *þurfa*. Takið eftir því að nú eru hjálparorðin önnur en við sterkar sagnir:

(að)	(ég nt.)	(ég pt.)	(hef)
<i>vita</i>	<i>veit</i>	<i>vissi</i>	<i>vitað</i>
<i>þurfa</i>	<i>þarf</i>	<i>þurfti</i>	<i>þurft</i>

Þannig beygjast allar núpálegu sagnirnar nema *munu* og *skulu* sem eru óreglulegar. Þær er ekki hægt að beygja í kennimyndum á venjulegan hátt.

**7.4.2 -ri sagnirnar eru fjórar:** *róa, gróa, núa og snúa*. Kennimyndir þeirra eru þrjár. Þær beygjast eins og veikar sagnir:

(að)	(ég pt.)	(hef)
<i>róa</i>	<i>veri</i>	<i>róið</i>
<i>núa</i>	<i>neri</i>	<i>núið</i>

## Verkefni 7 C

Beygið eftirtaldar sagnir í kennimyndum:

*bíta, sigla, halda, gróa, vinna, kunna, kenna, kannu, segja, spinna, trúu, gefa, hvolfa, liggja, glymja, læra, eiga, reisa, vera, snúa*

### Ópersónulegar sagnir

**7.5 Ópersónulegar kallast þær sagnir sem ekki breytast eftir því með hvaða persónu og tölu þær standa.** Ópersónulegar sagnir standa alltaf í 3. persónu eintölu. Skoðum dæmi:

Rifjið upp kafla  
5.1 og 5.3

*Mig langar heim. Við skiptum um persónu og segjum þig langar heim og svo hann/hana langar heim. Sagnorðið breytist ekki. Næst skiptum við um tölu og segjum okkur langar heim, ykkur langar heim og þá langar heim. Sögnin stendur óbreytt. Hún er ópersónuleg.*

Skoðum til samanburðar sögnina að *hlaupa*. Við segjum *ég hleyp, þú hleypur, hann hleypur*.

Því næst skiptum við um tölu og segjum *við hlaupum, þið hlaupið og þeir hlaupa*.

Þessi sögn breytist eftir persónum og tölum og er þess vegna **persónuleg**.

Sumar sagnir geta bæði verið persónulegar og ópersónulegar.

Við tökum sem dæmi sögnina að *minna*:

ég <i>minni</i> á loforðið	mig <i>minnir</i> þetta
þú <i>minnir</i> á loforðið	þig <i>minnir</i> þetta
hún <i>minnir</i> á loforðið	hana <i>minnir</i> þetta
við <i>minnum</i> á loforðið	okkur <i>minnir</i> þetta
þið <i>minnið</i> á loforðið	ykkur <i>minnir</i> þetta
þær <i>minna</i> á loforðið	þær <i>minnir</i> þetta

Í fyrra tilvikinu breytist sögnin þegar skipt er um persónu eða tölu. Þar er hún persónuleg. Í síðara tilvikinu breytist hún ekki. Þar er hún ópersónuleg og hefur aðra merkingu en þegar hún er persónuleg.

Ópersónulegar sagnir standa með fallorði í aukafalli. Gerandinn er ekki í nefnifalli eins og hjá persónulegu sögnunum.



Rifjið upp kafla  
6.7.3

## Orsakarsagnir

7.6 Orsakarsagnir kallast veikar sagnir sem eru dregnar af 2. kennimynd sterkra sagna, oft með *i*-hljóðvarpi.

Venjulega eru orsakarsagnirnar skyldar sterku sögnunum merkingarlega. Skoðum dæmi:

<i>líta</i>	<i>leit</i>	<i>litum</i>	<i>litið</i>
	/		
	<b>leita</b>	<b>leitaði</b>	<b>leitað</b>
<i>fara</i>	<i>fór</i>	<i>fórum</i>	<i>farið</i>
	/		
	<b>færa</b>	<b>færði</b>	<b>fært</b>

## Verkefni 7 D

Skrifið upp eftirfarandi texta og strikið undir ópersónulegar sagnir:

*Mér finnst að þú ættir að borða eins og þig langar til af þessum kökum. Konan sem bakaði þær verður bara glöð ef hún sér að einhverjum hefur líkað við þær. Gættu þess samt að þér verði ekki illt.*

## Verkefni 7 E

Finnið og beygið í kennimyndum orsakarsagnir af eftirtöldum sterkum sögnum:

*bíta, fjúka, renna, smjúga, njóta, rísa, kunna, þjóta*

## Kennimyndirnar hjálpa

### 7.7 Út frá kennimyndum sagna er hægt að sjá rithátt:

Af 1. kennimynd (nafnhætti) sterkra sagna myndast allar nútíðarmyndir sagnarinnar, í fh. et. oft með *i*-hljóðvarpi.

Af 2. kennimynd sterkra sagna myndast 2.p. et. fh. þt. með endingunni *-st*.

Af 3. kennimynd sterkra sagna myndast vh. þt., oft með *i*-hljóðvarpi.

Skoðum dæmi:

---

(að)	(ég)	(við)	(hef)	
<b>brjóta</b>	<b>braut</b>	<b>brutum</b>	<b>brotið</b>	
brýt	braust	bryti		1.p.et.fh.nt.
brjóti				2.p.et.fh.þt.
brjót þú				1.p.et.vh.þt.
brjótandi				bh.et.
				lh.nt.

---

<b>renna</b>	<b>rann</b>	<b>runnum</b>	<b>runnið</b>	
renn	rannst	rynni		
renni				
renn þú				
rennandi				

---

<b>draga</b>	<b>dró</b>	<b>drógum</b>	<b>dregið</b>	
dreg	dróst	drægi		
dragi				
drag þú				
dragandi				

---

#### Verkefni 7 F

Finnið kennimyndir og afleiddar myndir (1.p.et.fh.nt.) (2.p.et.fh.þt.) (1.p.et.vh.þt.) (1.p.et.vh.nt.) (bh.et.) (lh.nt.) af eftirtöldum sögnum:

*fljúga, hljóta, spinna, smjúga, hníga, binda*

**Upprifjun fyrir 7. kafla:**

1. Hvernig myndast þolmynd sagna?
2. Hvernig er þþ-reglan?
3. Hvaða sagnir tilheyra blönduðu beygingunni (lærið þær utan bókar)?
4. Í hvaða persónu og tölu standa ópersónulegar sagnir?
5. Hvernig eru orsakarsagnir myndaðar?
6. Af hvaða kennimynd myndast nútíðarmyndir sagnarinnar?
7. Af hvaða kennimynd er vh. þt. dreginn?

## Fullgreining

Í köflunum hér að framan hefur verið farið yfir helstu **greiningaratriði fallorða** og **sagnorða**. Auk þess hefur verið minnst á þriðja yfirflokkinn, **óbeygjanleg orð**. Nú er komið að því að reyna hvað þið kunið. Hér á eftir skoðum við það sem kallað er **fullgreining**. Þá takið þið texta og byrjið á að greina hann í orðflokka. Þeir eru: **greinir (gr.), nafnorð (no.), lýsingarorð (lo.), töluorð (to.), fornöfn (fn.) og sagnorð (so.)**. Orð sem falla ekki undir þessa flokka greinum við að þessu sinni öll sem **óbeygjanleg orð (ób.)**.

### Greiningaratriðin

**8.1** Byrjum á að rifja upp það sem þið hafið lært um greiningu fallorða og sagnorða:

---

Greinir:	<b>kyn – tala – fall</b>
Nafnorð:	<b>kyn – tala – fall – beyging – m/án greinis</b>
Lýsingarorð:	<b>kyn – tala – fall – beyging – stig – staða</b>
Töluorð:	<b>Greiningu sleppt, má þó stundum greina kyn – tölu – fall</b>
Fornöfn:	<b>kyn – tala – fall</b>
Sagnorð:	<b>persóna – tala – háttur – tíð – mynd – beyging</b>

---



## 8.2 Dæmi um fulla greiningu:

*Fundur var haldinn í skólanum eftir hádegið. Þangað komu margir nemendur.*

Fundur no.	kk.	et.	nf.	sb.	án gr.	
var so.	3.p.	et.	fh.	þt.	gm.	sb.
haldinn so.	X	X	lh.	þt.	gm.	sb.
var haldinn = þm.						
í ób.						
skólanum no.	kk.	et.	þgf.	vb.	m.gr.	
eftir ób.						
hádegið. no.	hk.	et.	þf.	sb.	m.gr.	
þangað ób.						
komu so.	3.p.	ft.	fh.	þt.	gm.	sb.
margir lo.	kk.	ft.	nf.	sb.	fst.	hlst.
nemendur.no.	kk.	ft.	nf.	vb.	án gr.	

### Verkefni 8

Fullgreinið textann sem fer hér á eftir. Það er ekki nauðsynlegt að greina alla söguna. Til að byrja með er nóg að greina fyrstu málsgreinina:

### Flagðið í Vesturbergi

*Sagt var að húsamálarar hefðu einhvern tíma verið að sandblása blokk við Vesturberg í Breiðholtinu. Þegar þeir voru um það bil hálfnaðir bar svo við að einn þeirra hvarf og kom ekki aftur. Meistarinn ákvað að kanna málið og fór sjálfur á vinnupallinn og lét sig síga niður með húshliðinni. Er félagar hans drógu pallinn upp aftur var hann hvergi sjáanlegur. Piltur nokkur sem var þar handlangari var þá sendur niður að halda verkinu áfram. Er hann hefur sandblásið þar nokkra stund opnast gluggi á blokkinni og út kemur hönd gildvaxin í rauðri ermi, með lakkaðar neglur og hring á hverjum fingri, og gerði sig líklega til að grípa hann. Kallaði hann þá til vinnufélaga sinna og bað þá hífa sig upp sem skjótast. Þeir brugðu undir eins við og náðu honum upp á þakskeggið eftir nokkur átök. Var hann þá orðinn berfættur á vinstra fæti. Eftir þetta létu þeir af sandblæstrinum og var blokkin því aldrei máluð nema til hálf.*

(Úr Tröllasögum 1991)





## Óbeygjanleg orð

Í þessum kafla verður fjallað um óbeygjanleg orð. Þau skiptast í fimm flokka sem eru: **nafnháttarmerki (nhm.)**, **upphrópanir (uh.)**, **forsetningar (fs.)**, **samtengingar (st.)** og loks **atviksorð (ao.)**, sem eru afar fjölbreyttur og skrautlegur orðflokkur. Þá er fjallað um **lokaða orðflokka**.

**9.1 Nafnháttarmerki (nhm.)** er aðeins eitt orð, *að* á undan sögn í nafnhætti. Skoðum dæmi:


Við ættum *að* fara *að* leggja af stað. Mér finnst gott *að* skokka.  
Rakel er *að* borða.

Athugið að smáorðið *að* getur líka verið *forsetning*, *atviksorð* eða *samtenging*. Alltaf verður að skoða vel stöðu orðsins áður en reynt er að greina hvaða orðflokki það tilheyrir.

### Verkefni 9 A

Finnið nafnháttarmerki í eftirfarandi texta:

*Gaman væri að ganga á fjallið. Mér var sagt að það væri erfitt að komast að bestu gönguleiðinni að austanverðu. Ég hef lengi ætlað að drífa mig af stað og ég veit að mér mun takast að koma því í verk að lokum. Af fjallinu er margt að sjá.*



**9.2 Upphrópanir (uh.)** draga nafn sitt af því að þær eru gjarnan hrópaðar upp og lýsa oft undrun, gleði, reiði o.s.frv. Upphrópanir standa án tengsla við önnur orð og tákna oft óvænt viðbrögð. Skoðum dæmi:

*ha, uss, já, nei, hæ, hó*

## Verkefni 9 B

Finnið upphrópanir í eftirfarandi texta:

*Hæ, ertu að verða tilbúinn? Já, já, ég er að koma. Ha, hvað tafði þig? Uss, við skulum ekki ræða það núna. Sei, sei, jú, þú ættir að segja mér það. Nei, það kemur ekki til mála. Jæja, gott og vel.*

**9.3 Forsetningar** (fs.) stýra föllum á fallorðum, þ.e. þær standa með fallorði og ákveða í hvaða falli það stendur. Sérhver forsetning stýrir alltaf falli á fallorði.


Forsetningar stýra ýmist:

- a) þolfalli: Girðingin er **umhverfis** húsið. Bókin er **um** stríðið.
- b) þágufalli: Vertu **hjá** mér. Gjöfin er **handa** okkur öllum.
- c) eignarfalli: Þú ferð ekki **án** mín. Það er ekki **til** neins.

Sumar forsetningar geta til skiptis stýrt þolfalli og þágufalli. Skoðum dæmi:

Komdu **með** skófluna (þf.). Ég ætla að moka þetta **með** skóflunni (þgf.). Þetta kemur í ljós (þf.). Þá sjáum við það í **nýju** ljósi (þgf.).

Ef forsetningar stýra til skiptis þolfalli og þágufalli tákna þær oft annaðhvort dvöl eða hreyfingu. Dæmi: Ég fór **undir** brúna (þf.). Ég er **undir** brúnni (þgf.). Þolfallið táknar hreyfinguna, þágufallið dvölinna.



## Verkefni 9 C

Finnið forsetningar í eftirfarandi texta:

*Ertu frá Norðfirði? Nei, ég er úr Reykjavík. Ég er af ætt Egils Skalla-Grímssonar sem bjó á Borg á Mýrum. Ég hef búið í Reykjavík frá barnæsku. Foreldrar mínir fluttu úr Borgarfirði til Reykjavíkur þegar ég var í vöggu. Ég bý enn hjá þeim.*

**9.4 Samtengingar** (st.) eru tengiliðir milli orða eða setninga. Þeim má skipta í tvo flokka, aðaltengingar og aukatengingar. Aðaltengingar tengja saman aðalsetningar og einstaka setningarliði en aukatengingar tengja aukasetningar við móðursetningar sínar.

Aðaltengingar eru:

*en, heldur, enda, og, eða, ellegar, bæði – og, hvorki – né, annaðhvort – eða, hvort – eða, ýmist – eða.*

Skoðum dæmi: Einn fór *en* hinir urðu eftir. Þeir eru *hvorki* hér *né* hinum megin. Ég er hætt *enda* orðin þreytt. *Annaðhvort* ferð þú *eða* ég.

Aukatengingar eru rúmlega sjötíu talsins. Þær skiptast í marga flokka og hér verða aðeins sýnd fáein dæmi:

Þú ert *eins og* ég átti von á. Maturinn er til *hvenær sem* þú vilt. Okkur leið vel *af því að* við vorum heima. Ég kem *ef* þú kemur líka. Við förum ekki *nema* þú verðir með.

Til að vera viss um að þekkja sundur aðaltengingar og aukatengingar er auðveldast að læra utanbókar hverjar aðaltengingarnar eru. Þær eru ellefu og lítið mál að muna þær. Þá vitið þið að hinar eru aukatengingar.

## Verkefni 9 D

Finnið samtengingar í eftirfarandi texta:

*Maturinn var nægur svo að allir urðu saddir. Ég fer með þótt veðrið verði slæmt. Göngugarparnir fíkrðu sig ofar í fjallið til að þeir kæmust í skjól. Því betur sem þú lest þeim mun hærra færðu á prófinu. Hann fór heim sökum þess að verkinu var lokið. Börnin mættu í skólann eftir að kennsla hófst. Ekki byrja fyrr en allt er tilbúið. Ég vil vita hvort leiknum sé lokið. Þú ferð hvort sem hann kemur eða ekki. Ég held að þú ættir að stökkva. Þetta er borgin þar sem ég bjó.*

**9.5 Atviksorð (ao.) standa oftast með sagnorðum** og segja þá til um hvar, hvernig, hvenær eða hve oft eitthvað er eða gerist:

Hún er úti (**hvar**)

Þetta gekk vel (**hvernig**)

Þeir koma seinna (**hvenær**)

Þetta gerist stundum (**hve oft**)

Stundum standa atviksorð með lýsingarorðum eða öðrum atviksorðum sem áhersluorð:

Turninn er **mjög** hár.

Tilraunin tókst **ekki** vel.

**9.5.1 Atviksorð** eru eins og önnur smáorð að því leyti að þau hvorki fallbeygjast né tíðbeygjast. Hins vegar stigbreytast sum þeirra. Skoðum dæmi:

*aftur – aftar – aftast; víða – víðar – víðast; nærri – nær – næst;  
inn – innar – innst*

Sum atviksorð hafa óreglulega stigbreytingu þar sem annar stofn er í miðstigi og efsta stigi en í frumstigi. Skoðum dæmi:

*illa – verr – verst; snemma – fyrr – fyrst; vel – betur – best*

Sveini gekk *illa*, Einari gekk þó *verr* og Brjáni gekk *verst*.

## 9.5.2 Atviksorðum má skipta í undirflokkka eftir merkingu eins og hér er sýnt:

**háttaratviksorð** (vel, illa, sæmilega, ágætlega ...)

**staðaratviksorð** (hér, þar, hérna, þarna, úti, inni, uppi, niðri ...)

**tíðaratviksorð** (nú, þá, áður, fyrr, núna, seinna ...)

**áhersluatviksorð** (mjög, frekar, ofsalega ...)

**spurnaratviksorð** (hvar, hvenær, hvernig ...)

**neitun** (ekki, eigi ...)

Atviksorð eru mjög mörg í málinu og afar fjölbreytileg. Hér verða aðeins sýnd örfá dæmi:

Þetta er *afar* (**áhersluatviksorð**) *vel* (**háttaratviksorð**) unnið.

Hún er *ekki* (**neitun**) komin. Þau eru *úti* (**staðaratviksorð**).

*Hér* (**staðaratviksorð**) er Ingimundur.

*Oft* (**tíðaratviksorð**) kemur Jónína til þín.

*Héðan* (**staðaratviksorð**) er fagurt útsýni.

Hefur þú komið *hingað* (**staðaratviksorð**) *áður* (**tíðaratviksorð**)?

Þetta gekk *ágætlega* (**háttaratviksorð**).

*Aldrei* (**tíðaratviksorð**) skal það verða.

*Þar* (**staðaratviksorð**) er *alltaf* (**tíðaratviksorð**) gaman að koma.

*Sjaldan* (**tíðaratviksorð**) hef ég flötinu neitað.


*Brátt* (**tíðaratviksorð**) fer að skyggja.

Komdu *strax* (**tíðaratviksorð**) *heim* (**staðaratviksorð**).

### Verkefni 9 E

Finnið atviksorð í eftirfarandi texta:

*Hvenær fer séra Stefán? Hann fer bráðum. Hvernig fer hann? Líklega fer hann ríðandi. Hann á prýðilega tamda hryssu. Hvar er Mosfell? Er það langt í burtu? Já, það er löng leið þangað. Stefán verður ekki kominn heim fyrr en seint. Hann fór að heiman í gær og nú liggur honum á að komast aftur til bús síns. Það vill til að hann er vel ríðandi.*



## 9.6 Lokaðir og opnir orðflokkar

Nokkrir orðflokkar hafa þann galla, ef hægt er að orða það þannig, að ekki er hægt að bæta við þá nýjum orðum. *Nafnháttarmerki* er sérstakur orðflokkur, bara eitt orð, *að* á undan nafnhætti sagnar. *Forsetningar* í málinu verða ekki fleiri en þær eru nú og það sama gildir um *samtengingar*. Þess vegna er sagt að þessir flokkar séu lokaðir. *Fornöfn* eru lokaður orðflokkur og það sama gildir í raun um *töluorð* þó að eðli málsins samkvæmt sé hægt að teygja tölurnar fram í það óendanlega. Heitin á þeim eru alltaf þau sömu og þar er ekki að vænta neinna nýyrða. *Greinir* er að sjálfsögðu lokaður orðflokkur.

Lokuðu orðflokkarnir eru samkvæmt þessu sex; opnir orðflokkar, þeir sem geta bætt við sig nýjum orðum, eru þá fimm; *nafnorð*, *lýsingarorð*, *sagnorð*, *upphrópanir* og *atviksorð*.

### Upprifjun við 9. kafla:

1. Hvaða orðflokkur er aðeins eitt orð?
2. Í hvaða flokki eru orð sem standa án náinna tengsla við önnur orð og tákna oft óvænta undrun, gleði eða reiði?
3. Í hvaða orðflokki eru orð sem þjóna þeim tilgangi að breyta falli á fallorðum sem þau standa með?
4. Hvað orð þjóna því hlutverki að tengja saman orð og setningar?
5. Hvaða smáorð geta stigbreyst?
6. Hvað er lokaður orðflokkur?
7. Hvaða smáorðaflokkar eru lokaðir? Hverjir þeirra eru þá opnir?

## Hljóðbreytingar

Í tímans rás hafa orðið margs kyns breytingar á tungumálinu sem við tölum. Í þessum kafla verður rætt um fjórar algengar breytingar sem hafa sumar í rauninni ekki orðið í íslensku sem sjálfstæðu máli heldur á frumnorrænum eða germönskum tíma. Þær eru **hljóðskipti**, **klofning**, **i-hljóðvarp** og **u-hljóðvarp**.

**10.1 Hljóðskiptin** eru mjög gömul í málinu og miklu eldri en íslenska málið. Hljóðskipti eiga sér einkum stað í kennimyndum sterkra sagna. Skoðum dæmi:

*grípa – greip – gripum – gripið*

Hér skiptast á þrjú mismunandi sérhljóð: *í*, *ei* og *i*. Skoðum annað dæmi:

*fljúga – flaug – flugum – flogið*

Hljóðin sem hér skiptast á eru: *jú*, *au*, *u* og *o*.

Talað er um sjö ólíkar hljóðskiptaraðir sem sjást í beygingu orða. Þær eru:

<i>í – ei – i</i>	(sjá km. so. að <i>bíta</i> )
<i>jó, jú, ú – au – u – o</i>	(sjá km. so. <i>bjóða, fljúga, súpa</i> )
<i>e, i – a – u – o, u</i>	(sjá km. so. <i>bresta, finna</i> )
<i>e, o – a – á – u, o</i>	(sjá km. so. <i>nema, sofa</i> )
<i>e, i – a – á – e</i>	(sjá km. so. <i>gefa, sitja</i> )
<i>a – ó – ó – a, e</i>	(sjá km. so. <i>fara, taka</i> )
<i>á – ó</i>	(sjá orðin <i>glápa – glópur; rámur – rómur</i> )



Dæmi  
**bíta, beita, bitum**

## Verkefni 10 A

Finnið 5 sterkar sagnir, beygið þær í kennimyndum og skrifið niður hljóðin sem skiptast á innan kennimyndanna.

**10.2 Klofning** er einnig mjög gömul hljóðbreyting og eldri en íslenska þótt hún sé yngri en hljóðskiptin. Við klofningu breyttist **e** í **ja** eða **jö** fyrir áhrif frá **a** eða **u** aftar í orðinu. Þessir hljóðvarpsvaldar, **a** og **u**, voru í endingum orðanna og féllu oftast brott úr þeim síðar. Skoðum dæmi um klofningsorð:


fell > fjall, fjöll  
berg > bjarg, björg

skel > skjöldur, skjaldar  
ferð > fjörður, fjarðar

### Verkefni 10 B

Finnið fleiri klofningsorð.

**10.3 *i*-hljóðvarp** hófst um svipað leyti og klofningin. Við *i*-hljóðvarp breyttist eitt hljóð í annað fyrir áhrif frá *i* sem síðar gat fallið á brott eða breyst í *j*. Skoðum dæmi:



jó, (j)ú > ý (ljós – lýsa, mjúkur – mýkri, hnútur – hnýta)  
(j)u, o > y (þunnur – þynnri, hjuggu – hyggi, sonur – synir)  
au > ey (raun – reyna)  
á, ó > æ (sár – særður, óp – æpa)  
a > e (land – lenda)  
e > i (gefa – gífta)  
o > e (koma – kem)



Takið eftir því, þegar um er að ræða *i*-hljóðvarp, að í 7 tilvikum af 12 breytist eitthvert hljóð í *y*, *ý* eða *ey*. Að átta sig á slíkum víxlum sérhljóða í skyldum orðum hjálpar til við stafsetningu.

### Verkefni 10 C

Finnið fleiri dæmi um *i*-hljóðvarp.

**10.4 *u*-hljóðvarp** kallast eftirtaldar hljóðbreytingar:

a > ö band – bönd  
a > u sumar – sumur

### Verkefni 10 D

Finnið fleiri dæmi um *u*-hljóðvarp.



## Verkefni 10 E

Hvað heita eftirtaldar hljóðbreytingar:

---

<i>fljúga &gt; flaug</i>	<i>líta &gt; litur</i>	<i>draumur &gt; dreyma</i>
<i>bera &gt; björn</i>	<i>kaldur &gt; kól</i>	<i>orð &gt; yrða</i>
<i>bráður &gt; bræði</i>	<i>karl &gt; kerling</i>	<i>sitja &gt; sáta</i>
<i>nafn &gt; nefna</i>	<i>hljóta &gt; hlaut</i>	<i>dansa &gt; dönsum</i>
<i>ferð &gt; fjörður</i>	<i>mjúkur &gt; mýkri</i>	<i>skjóta &gt; skot</i>
<i>brjóta &gt; brot</i>	<i>farg &gt; fergja</i>	
<i>ungur &gt; yngri</i>	<i>bíta &gt; bitinn</i>	

---

## Verkefni 10 F

a) Myndið með *i*-hljóðvarpi sagnorð af eftirtöldum orðum:

---

*fróður – taumur – kunnur – sjón*

---

b) Myndið með *i*-hljóðvarpi nafnorð af eftirtöldum orðum:

---

*munur – mjúkur – móður – garður*

---

c) Myndið með hljóðskiptum nafnorð af eftirtöldum orðum:

---

*brjóta – sjóða – fljúga – smjúga*

---

### Upprifjun við 10. kafla:

1. Hvað heitir það þegar hljóð skiptast á innan skyldra orða, s.s. í kennimyndum sterkra sagna?
2. Hvað heitir breytingin þegar *e* breytist í *ja* eða *jö* fyrir áhrif frá *a* eða *u*?
3. Hvað heitir það þegar eitt hljóð breytist á annað fyrir áhrif frá *i*?
4. Hvað heitir það þegar eitt hljóð breytist í annað fyrir áhrif frá *u*?

## Orðmyndun

Í þessum kafla er fjallað um það hvernig skipta má orðunum niður í smærri einingar eftir því hvernig þau eru mynduð. Orðeinangarnar eru þessar: **stofn, rót, forskeyti, viðskeyti og beygingarending**.

**11.1** Áður hefur verið rætt um **stofn** orða. Stofninn er það sem eftir verður þegar beygingarendingin hefur verið tekin í burtu. **Samsett orð** kallast þau orð sem eru sett saman úr tveimur orðum eða fleiri. Tökum sem dæmi orðið *sendingarkostnaður*. Það er myndað af tveimur orðum; *sending* og *kostnaður*. Stofnar þessa orðs eru því tveir; *sending* og *kostnað*.

Þegar betur er að gáð kemur í ljós að stofninn getur greinst niður í minni einingar. Þær eru sem hér segir:

**11.2 Rót heitir minnsta byggingareining orðsins.** Hún er oft sameiginleg í fjölda orða þó að hún sé ekki alveg eins í þeim öllum. Skoðum dæmi:

*far, far-a, far-angur, far-mur, fer-ill, fer-ð, för-ull, fór-na, fær, fær-a, fær-ð, fær-sla*

Hér er *far* rót allra orðanna þó að sérhljóðið hafi breyst í sumum þeirra.

Í samsettum orðum eru ræturnar fleiri en ein, þ.e. jafnmargar orðunum í samsetningunni; *orðaleikur* – ræturnar eru *orð* og *leik*.

**11.3 Forskeyti er aukið framan við rótina.** Skoðum dæmi:

*al-mætti, and-byr, mis-jafn, van-mat, tor-veldur, ör-vænta*

**11.4 Viðskeyti er bætt aftan við rótina.** Skoðum dæmi:

*hag-nað-ur, hrúg-ald, líð-an, dóm-and-i, heil-ag-ur, auð-ug-ur, fjöll-ótt-ur, blóð-g-a, hyl-j-a, stökk-v-a*

**11.5 Hvað er þá stofn?** Stofn orðsins er allt orðið nema beygingarendingin. Stofn orða getur verið með ýmsu móti. Orðhlutana sem nefndir eru hér að framan, forskeyti og viðskeyti, er ekki að finna í öllum orðum. Stundum verða hljóðbreytingar í stofninum og brottfall getur orðið í viðskeytinu (þ.e. að stafur falli brott). Stofn getur verið:


- a) rót – ein eða fleiri (far, för, húsdýr)
- b) rót/rætur + viðskeyti – eitt eða fleiri (ferð)
- c) forskeyti – eitt eða fleiri + rót/rætur (ófær)
- d) forskeyti + rót/rætur + viðskeyti (tortryggni)

Stofn má sjá einan sér í ákveðnum orðmyndum þar sem ekki er beygingarending, til dæmis í þolfalli eintölu sumra karlkynsorða (um **hest**), nefnifalli og þolfalli eintölu flestra hvorugkynsorða (**hús**), nefnifalli, þolfalli og þágufalli sumra kvenkynsorða (**rós**), kvenkyni eintölu í lýsingarorðum (hún er **sterk**). Athugið að lýsingarorð sem hafa u-hljóðvarp í kvenkyni eru án hljóðvarps í stofni. Dæmi: *svartur* – hún er *svört* – stofninn er *svart*.

**11.6 Beygingarending er það sem bætist við stofninn til að sýna mismunandi beygingarmyndir orðsins.** Skoðum dæmi:

No. *hest-ur* – *hest* – *hest-i* – *hest-s* – *hest-ar* – *hest-a* – *hest-um* – *hest-a*  
So. *kom-a* – *kom-i* – *kom-um* – *kom-st*  
Lo. *rík* – *rík-ari* – *rík-ust* – *rík-ir* – *rík-um*

Í þeim orðmyndum sem hafa enga beygingarendingu finnst stofn orðsins, eins og fyrr segir.




### 11.7 Dæmi um orðmyndunargreiningu:

gefandi, andbyr, förull, heilsa, ódugnaður, torlærður, harður



Athugið að oft er ekkert forskeyti. Það sama á við um viðskeyti og beygingarendingu.

forskeyti	rót	viðskeyti	stofn	beygingarending
	gef	and	gefand	i
and	byr		andbyr	
	för	ul	förul	l
	heil	s	heils	a
ó	dug	nað	ódugnað	ur
tor	lær	ð	torlærð	ur
	harð		harð	ur



## Verkefni 11

Greinið eftirfarandi orð í orðhluta:

*hernaður, jötunn, kerlinguna, göfugur, náungi, glóð, örbyrgð, ófæra, torveldur, mismikill*

### Upprifjun við 11. kafla:

1. Hvað heitir minnsta byggingareining orðs?
2. Hvaða orðhluta er bætt aftan við rótina?
3. Hvaða orðhluta er bætt framan við rótina?
4. Hvaða orðhluti er allt nema beygingarendingin?
5. Hvað er beygingarending?
6. Nefnið a.m.k. 5 algeng forskeyti í íslensku.
7. Nefnið a.m.k. 5 dæmi um algeng viðskeyti.

## Setning, málsgrein, efnisgrein

Í þessum kafla verður fjallað um hugtök setningafræðinnar. Það sem hér verður skoðað er **setning**, **málsgrein** og **efnisgrein**. Þá er stutt umfjöllun um **aðalsetningar** og **aukasetningar** og reynt að skýra muninn á þessu tvennu. Í því sambandi er rífað upp hvaða samtengingar eru **aðaltengingar**.

### 12.1 Setning er orðasamband sem inniheldur eina sögn í persónuhætti. Hún kallast umsögn. Skoðum dæmi:

Gulla sótti hestinn. Jón hló. Snjóar?

Umsagnirnar í þessari setningu eru *sótti*, *hló* og *snjóar*. Umsögnin er sagnorðið eða sagnorðasambandið í setningunni. Umsögnin segir hvað er að gerast, um hvað setningin snýst.

### 12.2 Málsgrein er sá texti sem stendur milli tveggja punkta eða frá byrjun texta að punkti. Athugið að á milli málsgreina geta verið önnur greinarmerki en punktur, t.d. spurningarmerki: Fórstu?

Stundum er málsgrein aðeins ein setning en hún getur líka innihaldið margar umsagnir. Setningarnar eru jafnmargar og umsagnirnar. Skoðum dæmi:

[Gunnhildur gekk á fjallið.]

Þessi málsgrein er ein setning, umsögnin er *gekk*.

[Gunnhildur gekk á fjallið] [og kom heim undir kvöld.]

Í þessari málsgrein eru setningarnar tvær. [Gunnhildur gekk á fjallið] [og kom heim undir kvöld]. Umsagnir eru *gekk* og *kom*.

[Gunnhildur gekk á fjallið] [og kom heim undir kvöld] [þegar löngu var orðið kvöldsett] [enda sagðist hún vera bæði svöng og þreytt.]

Nú er málsgreinin fjórar setningar. [Gunnhildur gekk á fjallið] [og kom heim undir kvöld] [þegar löngu var orðið kvöldsett] [enda sagðist hún vera bæði svöng og þreytt]. Umsagnirnar eru fjórar: *gekk*, *kom*, *var orðið* og *sagðist vera*. Seinustu tvær umsagnirnar eru samsettar.


**12.3 Allar setningar skiptast í aðalsetningar og aukasetningar.** Aðalsetningar eru sjálfstæðar og segja fulla hugsun. Þær geta oftast staðið einar. Skoðum dæmi:

*Hér er unga konan.  
Hann tók rösklega til matar síns.  
Ekkert verður farið.*

Aukasetningar segja ekki fulla hugsun. Þær eru ósjálfstæðar og byrja á aukatengingum. Þær standa með aðalsetningum. Skoðum dæmi:

*? Sem vann sundkeppnina.  
? Eftir að hann hafði lokið verkinu.  
? Meðan veðrið er svona vont.*

Þessar setningar eru nánast merkingarlausar eins og þær standa þarna. En nú skeytum við þeim aftan við aðalsetningarnar.



*Hér er unga konan sem vann sundkeppnina.  
Hann tók rösklega til matar síns eftir að hann hafði lokið verkinu.  
Ekkert verður farið meðan veðrið er svona vont.*

Hér er hver málsgrein tvær setningar, ein aðalsetning og ein aukasetning.

#### 12.4 Aðalsetning er ekki alltaf á undan aukasetningunni. Skoðum dæmi:

[Ef þú ferð fyrst] (aukasetning) [kem ég á eftir] (aðalsetning).

Hér breytist hins vegar orðaröð í aðalsetningunni. Svona gæti hún ekki staðið ein (nema sem spurnarsetning). En hún segir fulla hugsun og fyllir þar með skilyrði aðalsetningar.

#### 12.5 Í einni málsgrein geta verið tvær eða fleiri aðalsetningar.

Skoðum dæmi:

[Bændur á Suðurlandi hafa náð góðum heytum] (aðalsetning) [og nú eru þeir að slá seinni slátt] (aðalsetning).

Báðar þessar setningar gætu staðið einar. **Aðalsetningar eru tengdar saman með aðaltengingum en aukasetningar tengjast með auka-tengingum.**

**12.6 Til að þekkja sundur aðal- og aukasetningar er nauðsynlegt að þekkja aðaltengingarnar.** Aðalsetningarnar tengjast með aðaltengingum og ef þið þekkið þær hjálpar það við greininguna.

Aðaltengingarnar eru:

einyrtar: *en, heldur, enda, og, eða, ellegar*

fleiryrtar: *bæði – og, hvorki – né, annaðhvort – eða, hvort – eða, ýmist – eða.*



## Verkefni 12 A

Finnið aðal- og aukasetningar í eftirfarandi texta:

*Við komum ef við getum. Ræðumaður talaði lengi enda var honum mikið niðri fyrir.*

*Hvað var klukkan þegar þú komst? Voru þá allar hinar mættar eða vantaði einhverjar í hópinn?*

*Sigríður æfir skák til þess að hún geti tekið þátt í keppninni. Björg sagði að hún vildi komast burt sem allra fyrst af því að henni líkaði ekki vel hvernig var gengið um skálann.*

*Úr því að þú heldur þessu fram vil ég ekki neita því alfarið en bendi þó á að enn gætu komið fram ýmis gögn sem tengjast þessu máli. Má ég bjóða þér meira kaffi eða viltu frekar te?*

*Hávarður beið meðan Gísli batt á sig skóna. Alltaf hef ég sóst eftir að hlusta á þennan fagra hljóðfæraleik. Jónatan keypti bíl til þess að geta flutt hey sitt heim eftir sláttinn.*



## 12.7 Efnisgrein er textinn á milli greinaskila. Skoðum dæmi:

*Klíkufundurinn var haldinn heima hjá Finni og tilefni þess eru mörg og mikilvæg. Í fyrsta lagi er Finnur sextán ára í dag og þess vegna er fundurinn líka afmælisveisla.*

*Í öðru lagi er þetta eins konar síðbúin þjóðhátíð. Finnur hefur ákveðið að eftirleiðis verði 1. júní haldinn hátíðlegur vegna þess að þá var hann rekinn með skömm úr byggingarvinnunni.*

*Á þriðja tilefnið er kominn tími. Finnur er kominn í mútur og lætur nú óspart drynja í sér.*

*Fjórða tilefnið vekur mesta athygli. Finnur er byrjaður með stelpu. Hún heitir Sædís og vinnur með honum í unglíngavinnunni.*

*Þórður Helgason 1998*

Þessi texti er fjórar efnisgreinar. Skipting milli efnisgreina fer venjulega eftir því hvernig höfundurinn vill skipta efninu niður. Í tilvikinu hér að ofan segir í hverri efnisgrein frá einhverju af fjórum tilefnum veislunnar.

Ekki verða hér settar fram neinar sérstakar reglur um skiptingu í efnisgreinar. Þar ræður oft smekkur höfundarins.

### Verkefni 12 B

Finnið einhverja bók, lesið eina blaðsíðu og tilgreinið síðan hve margar efnisgreinar eru á síðunni. Hvað ræður því hvernig þar er skipt í efnisgreinar?

### Upprifjun fyrir 12. kafla:

1. Hvað er setning?
2. Hvað er málsgrein?
3. Hvað er efnisgrein?
4. Hvernig má oftast þekkja sundur aðal- og aukasetningar?

## Setningarhlutagreining

Setningafræði er sú undirgrein málfræði sem fjallar um gerð setninga og setningarliða. Í þessum kafla verður fjallað um það sem kallast **setningarhlutagreining** og átta algengustu setningarhlutarnir skoðaðir. Þeir eru: **frumlag, umsögn, andlag, sagnfylling, forsetningarliður, einkunn, atviksliður** og **tengiliður**.

**13.1. Frumlag er fallorð í nefnifalli** (oftast), gerandinn í setningunni, sá sem er, verður eða framkvæmir það sem fram kemur í umsögninni. Skoðum dæmi:

*Hann kemur heim. Þórunn sótti hestinn. Drengurinn stökk út.*

**13.1.1 Frumlag getur verið samsett:**

*Björn, Þóra, Einar og Sigrún kunna að aka bíl.*

**13.1.2 Gervifrumlag (aukafrumlag)** er það kallað þegar fornafnið það stendur sem frumlag (þ.e. í frumlagssætinu) en er merkingarlaust og hverfur ef setningunni er breytt. Skoðum dæmi:

*Það er gaman að lesa góða bók. Hægt er að breyta setningunni þannig:*

*Gaman er að lesa góða bók.*

Merkingin helst en gervifrumlagið hverfur.

**13.1.3 Frumlagsígildi** heitir það þegar fallorð í aukafalli hagar sér eins og frumlag. Sögnin sem það stendur með er þá ópersónuleg. Skoðum dæmi:

*Jóni líkaði vel á Hóli. Mér er kalt.*

**13.1.4 Frumlagið getur falist í sagnorðinu.** Stundum fellur fornafn 2. persónu saman við sögnina. Skoðum dæmi:

*Farðu (far þú) heim. Gerðu (ger þú) þetta ekki. Vertu (ver þú) góður.*



### Verkefni 13 A

Finnið frumlög í eftirfarandi texta:

*Sigga hljóp hraðast. Bíllinn er ónýtur. Það væri gaman að sjá hann. Veldur Eyjólfur þessu? Björg og Þórhalla voru systur. Enginn tekur mark á þessu. Aldrei hefur mér fundist þetta skemmtilegt. Vertu ekki fyrir. Hesturinn fældist og hljóp leiðar sinnar.*

**13.2 Umsögn er sögn í persónuhætti.** Umsögnin segir til um það hvað er að gerast, hvað frumlagið eða andlagið gerir, fær, verður að þola o.s.frv., allt eftir því hver merking aðalsagnarinnar er. Skoðum dæmi:

Hver er þetta? Þú átt bókina. Hundurinn beit rottuna.

**13.2.1 Umsögn getur verið samsett.** Þá er eitt sagnorð í einhverjum af persónuháttunum og hin í einhverjum fallhætti. Skoðum dæmi:

Ég hef komið hér (hef = fh., komið = lh. þt.).

Þú munt vera orðinn þreyttur (munt = fh., vera = nh., orðinn = lh. þt.).

Umsagnir geta staðið tvær eða fleiri í röð. Skoðum eftirfarandi málsgrein:

Íþróttamaðurinn hljóp, stökk og kastaði kringlu.

Þrjár umsagnir eru í þessari málsgrein. Umsögn er sérhver sögn í persónuhætti, eins og fyrr kom fram. Auðvelt er að sjá að þarna er um persónuhátt að ræða því ef skipt er um tölu á frumlaginu breytast öll sagnorðin:

Íþróttamennirnir hlupu, stukku og köstuðu kringlu.

### Verkefni 13 B

Finnið umsagnir í eftirfarandi texta:

*Hesturinn minn hljóp hraðast. Báturinn er hraðskreiður. Það væri gaman að sjá hann. Voru þeir hér? Sigga og Þór hafa alltaf verið vinir. Engan langar til að vera með í þessu. Aldrei hefur mig langað til Ástralíu. Vertu ekki fyrir. Konan reiddist og skammaði drengina. Hundurinn getti, urraði, klóraði, beit og slefaði af illsku þegar drengurinn stal frá honum matnum.*



**13.3 Andlag er fallorð sem stendur (langoftast) í aukafalli og stýrist af sagnorði.** Sagnorðið sem stýrir þannig falli heitir áhrifssögn. Skoðum dæmi:

Hún braut *bollann*. (bollann = þf. sem stýrist af so. *brjóta*).

Eilífur gaf *mér gjöf* (mér = þgf., gjöf = þf., bæði orðin stýrast af so. *gefa*).

### Verkefni 13 C

Finnið andlög og áhrifssagnir í eftirfarandi texta:

*Helltu kaffinu í könnuna. Sjómaðurinn bakaði brauð. Borðaðu matinn þinn. Enginn gat lyft steininum. Gunna ók bílnum. Langar þig til að drekka ávaxtasafann? Hefur þú aldrei sungið sálm? Erla tók barnið og gaf því mjólk.*

**13.4 Sagnfylling er fallorð í nefnifalli sem stendur með áhrifslausri sögn til uppfyllingar.** Áhrifslaus sögn er sagnorð sem ekki tekur með sér andlag, þ.e. sögn sem stýrir ekki falli, t.d. so. að vera, verða, heita, þykja, reynast, kallast o.fl. Skoðum dæmi:

Húsið er *rautt*. Vegurinn reyndist *góður*. Nemandinn heitir *Ari*.

#### Verkefni 13 D

Finnið sagnfyllingar í eftirfarandi texta:

*Vegurinn virðist góður. Endurnar sýnast spakar. Hörður þykir traustur. Jólasveinninn heitir Kertasníkir. Laxinn var ágætur. Húsið er mjög fallett á litinn. Veggirnir eru rauðir og þakið er grænt. Veislan verður skemmtileg.*

**13.5 Forsetningarliður er forsetning + fallorðið sem hún stýrir falli á.** Skoðum dæmi:

forsetningaliður

*um hest, frá hesti, til hests, á morgun, af stað, milli húsanna*

#### Verkefni 13 E

Finnið forsetningarliði í eftirfarandi texta:

*Hljómsveitin spilaði allt til morguns. Ég fer ekki án þín. Þetta gerðist vegna mistaka. Um daginn gerðist merkur atburður í skólanum. Eftir matinn fóru gestirnir inn í stofuna þar sem einn af heimamönnum spilaði á langspil. Vegurinn liggur kringum túnið. Ég sat gegnt honum við borðið. Meðal gestanna var drengurinn frá Útgarði.*

**13.6 Einkunn (sambeygð einkunn) er fallorð sem stendur með nafnorði til að kveða nánar á um eiginleika þess, skýra það nánar (stundum kallað ákvæðisorð).** Skoðum dæmi:

*Rauður hestur, rauður fjörugur hestur, góður bíll, grátt hús*

**13.6.1 Eignarfallseinkunn stendur yfirleitt á eftir orðinu sem hún fylgir** og er í eignarfalli þó að orðið sem hún stendur með sé það ekki. Eignarfallseinkunnin táknar eignarhald, þ.e. hver eigi það sem felst í orðinu sem hún stendur með. Skoðum dæmi:

*Kór kirkjunnar. Söngur kórsins. Skip útgerðarinnar.*

### **Verkefni 13 F**

Finnið einkunnir í eftirfarandi texta:

*Rautt hús stendur í hárrí hlíð. Langir og erfiðir dagar fóru í hönd. Gullnum bjarma sló á himininn. Móðir stúlkunnar kom og hjálpaði henni. Ástráður tók þátt í þessum skemmtilega leik. Hinir frábæru, óviðjafnanlegu, eldfjörugu, yndislegu Skríplar léku fyrir dansinum. Þóra hlustaði hugfangin á söng Skríplanna.*

### **13.7 Öll atviksorð eru atviksliðir.**

Skoðum dæmi:

Komdu *strax*. Hver er *uppi*? Hún er *mjög* sterk.

### **Verkefni 13 G**

Finnið atviksliði í eftirfarandi texta:

*Þetta getur vel verið. Nú fór illa. Aldrei sá ég þennan mann enda var hvergi neitt ljós að hafa þarna á myrkum ganginum. Láttu nú ekki svona, vertu heima eins og stundum áður. Í gær gekk nú aldeilis ekki alveg svona vel.*

### 13.8 Allar samtengingar eru tengiliðir.

Skoðum dæmi:

Ég og þú. Rautt eða grænt. Hann fór heim af því að veðrið versnaði.

#### Verkefni 13 H

Finnið tengiliði í eftirfarandi texta:

*Það er ekki ég heldur hún. Mér var sagt að þú ættir þennan poka. Bíllinn valt af því að vegkanturinn brast undan honum. Komdu nú með matinn svo að við getum byrjað að borða. Ég verð heima ef þú ferð. Flugvélin lenti þegar vindinn lægði. Óðar en dansleiknum lauk þustu allir í samkvæmið. Mér leið vel enda þótt ekki væri hlýtt í kofanum.*

#### Upprifjun við 13. kafla:

1. Skýrið út eftirfarandi hugtök:
  - a) frumlag
  - b) umsögn
  - c) andlag
  - d) sagnfylling
  - e) forsetningarliður
  - f) einkunn
  - g) atviksliður
  - h) tengiliður
2. Hvað er gervifrumlag? En frumlagsígildi?
3. Hvernig skiptast sagnorðin milli persónuhátta og fallháttanna í samsettri umsögn?
4. Einkunnum má skipta í tvo flokka; sambeygða einkunn og eignarfallseinkunn. Hver er munurinn?



## Sitthvað um orðin

Það sem rætt verður um í þessum kafla eru **málshættir** og **orðtök**, **hlutstæð** og **óhlutstæð orð**, **hlutlægur** og **huglægur texti**, **víðtæk** og **sértæk orð** og **samheiti** og **andheiti**. Að lokum er stutt umfjöllun **erfðaorð**, **nýyrði** og **tökuorð**.

**14.1 Málshættir og orðtök eru hluti af tungumálinu.** Málshættirnir eru margir ævagamlir og fyrir kemur að það er svolítið erfitt fyrir nútíma-fólk að átta sig á upprunalegri merkingu þeirra. Sama gildir um orðtökin. Þau tengjast oft vinnubrögðum sem löngu eru horfin og gleymd eða lífsvenjum sem við þekkjum ekki lengur.

**14.1.1 Málsháttur er óbreytanleg setning** sem segir fulla hugsun og getur staðið ein. Málshættir fela oft í sér líkingar. Þeir bera gjarnan í sér einhverja speki eða sannindi og eru oft stuðlaðir og jafnvel rímaðir líka þó að það sé ekki algengt. Skoðum dæmi:

*Oft verður góður hestur úr göldnum fola.  
Sjaldan veldur einn þá tveir deila.  
Eins dauði er annars brauð.*

**14.1.2 Orðtak er fast orðasamband** sem venjulega er notað í breyttri (óeiginlegri) merkingu. Orðtak fær ekki fulla merkingu fyrr en það hefur verið fellt inn í setningu í ákveðnu samhengi. Mjög oft fela orðtök í sér líkingar. Skoðum dæmi:

*Leggja hönd á plóginn. (Margir hafa lagt hönd á plóginn til að ljúka þessu verki.)  
Hafa eitthvað á prjónunum. (Þú hefur alltaf eitthvað á prjónunum.)*

**14.1.3 Eiginleg og myndhverf merking orðtaka.** Orðtakið að *leggja hönd á plóginn* hefur í rauninni tvenns konar merkingu, eiginlega og myndhverfða. Sama gildir um orðtakið að *hafa eitthvað á prjónunum*.

Eiginleg merking: *Að ýta á plóginn þegar verið er að plægja og léttu þannig átakið.  
Að vera að prjóna sokk eða vettling eða eitthvað slíkt.*

Myndhverf merking: *Að veita einhverjum aðstoð, hjálpa til.  
Að hafa eitthvað fyrir stafni.*



### Verkefni 14 A

Skrifið upp eftirfarandi setningar og tilgreinið hvað eru málshættir og hvað eru orðtök.

*Mörg eru konungs eyru. Þið færist of mikið í fang. Sjaldan launar kálfur ofeldi. Þú ert aldeilis ekki á flæðiskeri staddur. Bragð er að þá barnið finnur. Eigi leyna augu ef ann kona manni. Sjaldan veldur einn þá tveir deila. Nokkrir nemendur stungu saman nefjum á ganginum. Vinnuflokknum tókst með þessu að slá tvær flugur í einu höggi. Oft er í holti heyrandi nær. Hver er sinnar gæfu smiður.*

**14.2 Hlutstæð og óhlutstæð orð.** Orðin sem við notum í daglegu máli eru hvert öðru ólík um margt. Eitt af því sem greinir þau í sundur er það hvort þau merkja eitthvað sem við sjáum og heyrum eða eitthvað sem við getum hvorki séð né þreifað á.

**Hlutstæð kallast þau orð** sem tákna eitthvað sem hægt er að sjá og þreifa á eða finna fyrir. Hlutstæð orð eru eins og *fjall, húfa, stóll, tölva, veggur* o.s.frv.

**Óhlutstæð kallast þau orð** sem tákna eitthvað sem ekki er hægt að snerta en við vitum þó að er til (eða teljum að sé til). Óhlutstæð orð eru t.d. *skoðun, minning, kæti* o.s.frv.

### Verkefni 14 B

Hver eftirtalinna orða eru hlutstæð, hver eru óhlutstæð:

*Bjarg, bók, efnahagur, flugvél, loft, vinátta, aðdragandi, verð, vörur, afl, merki, undrun, vald, fögnuður, staur, dalur, vernd, ljós, hljóð, hljóðfæri.*

**14.3 Huglægur eða hlutlægur texti.** Textinn sem þið lesið er ýmist huglægur eða hlutlægur. Í huglægum texta eru notuð tilfinningaorð sem lýsa skoðun eða afstöðu fremur en staðreyndum. Hlutlægur texti er á hinn bóginn byggður á staðreyndum sem ekki verða véfengdar og er óháður skoðunum eða mati.

**Huglægur texti.** Lítum á dæmi um texta sem lýsir fremur tilfinningalegri afstöðu en staðreyndum:

*Bókin er mjög leiðinleg.*

Það er huglægt mat að bókin sé leiðinleg og ekki víst að öllum beri saman um það. Orðið *leiðinleg* er tilfinningaorð.

**Hlutlægur texti.** Skoðum til samanburðar aðra málsgrein. Þar er textinn hlutlægur, þar er ekkert persónulegt mat lagt á það sem verið er að lýsa heldur dregnar fram staðreyndir:

*Bókin er 256 blaðsíður með 12 punkta letri og engum skýringarmyndum.*

Nú er ekki um neitt að villast. Hér kemur fram hvað bókin er stór og hvernig efnið er sett fram. Hér er ekkert tilfinningaorð.

#### Verkefni 14 C

Skrifið upp eftirfarandi texta og tilgreinið við hverja málsgrein hvort hún er huglæg eða hlutlæg. Merkið tilfinningaorð sérstaklega:

*Þessi bók er hræðilega leiðinleg. Hún er 156 blaðsíður. Myndirnar eru alltof margar vegna þess hve ljótar þær eru og illa teknar. Þær eru alls 26. Kápan er illa hönnuð. Hún er blá með rauðum strikum og þar er mynd af sjávarþorpi tekin í svarthvítu. Þetta þorp er áreiðanlega hundfúlt. Þar virðast aðeins vera örfá hús og tvær eða þrjár götur, flestar ómalbikaðar. Bókin fjallar um ungan mann sem á heima í þorpinu. Hann heitir Jónatan og er 16 ára þegar bókin byrjar. Hins vegar veit ég ekki hve gamall hann er í lokin því að ég lauk aldrei við skrudduna heldur lánaði yngri bróður mínum hana. Hann er svo vitlaus að þetta er sjálfsagt góð lesning fyrir hann.*



**14.4 Víðtæk og sértæk orð.** Sagt er að orð séu víðtæk eða sértæk eftir því hvort merking þeirra er þröng eða víð. Skoðum orðið *hestur* og berum það saman við orðið *dýr*. Orðið *dýr* hefur víðtækari merkingu en orðið *hestur*. Allir hestar eru dýr og það eru til mun fleiri dýr en hestar. Lítum svo á orðið *reiðhestur*. Það hefur sértækari merkingu en orðið *hestur*. Ekki eru allir hestar reiðhestar.

Lítum á dæmi þar sem orðum hefur verið raðað frá því víðtækasta til hins sértækasta:

*Lífvera – hryggdýr – spendýr – hestur – reiðhestur – Freyfaxi*

#### Verkefni 14 D

Raðið orðunum í hverri röð frá hinu víðtækasta til hins sértækasta:

*hryggdýr kría fugl farfugl lífvera dýr  
yfirhöfn flík frakki rykfrakki  
söluvara borðbúnaður gaffall hnífapör  
lífvera grenitré jurt tré barrtré  
skip farartæki bílferja Herjólfur  
Íslendingasaga fornbókmenntir sagnarit Laxdæla*

**14.5 Samheiti og andheiti.** Í sumum tilvikum eru til mörg orð um sama hlutinn. Það á einkum við um það sem okkur er kært eða mikið kemur við sögu í daglegu lífi. Annar þáttur merkingarfræðinnar er að skoða orð sem tákna tvo andstæða hluti.

**Samheiti kallast það** þegar tvö eða fleiri orð hafa sömu merkingu. Skoðum dæmi:

*lúða – flyðra – spraka; piltur – drengur – sveinn; stúlka – stelpa – snót*

Athugið að auðvitað er hægt að finna miklu fleiri samheiti sumra orðanna en hér er gert. Það sama á við um andheitin hér á eftir.

**Andheiti kallast það** þegar orð hafa andstæða eða gerólíka merkingu. Skoðum dæmi:

út – inn; upp – niður; góður – vondur; svartur – hvítur

#### Verkefni 14 E

a) Finnið samheiti eftirtalinna orða:

*borða, lemja, lýður, stauta, hvatur, starfa, læna, flana, djarfur, týna, fallegur, dreifbýli, glymjandi, nirfill.*

b) Finnið andheiti eftirtalinna orða:

*fullur, byrja, hækka, hægur, traustur, hátt, þögull, kaldur, koma, fyrst, votur, mjúkur*

**14.6 Erfðaorð, nýyrði, tökuorð.** Saga orðanna er löng og merkileg. Hún er ansi flókin á köflum og oft erfitt að rekja hana. Við sem búum á Íslandi og tölum íslensku erum stolt af þessu forna tungumáli okkar og leggjum töluvert á okkur til að halda því óbreyttu, eftir því sem hægt er. Við eigum bækur sem skrifaðar voru á íslensku fyrir meira en átta hundruð árum og þennan texta getum við skilið án mikilla vandkvæða. En tungumál breytast í tímans rás og inn í málið koma ný orð, sum eru búin til úr stofnum eldri orða, önnur eru fengin að láni úr öðrum tungumálum.

**Erfðaorð kallast þau orð** sem voru í máli landnámsmanna þegar þeir komu til Íslands. Skoðum dæmi:

*Gunnlaugur svarar: „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir.“*

Þessi klausa er úr Gunnlaugs sögu ormstungu sem skrifuð var í 13. öld. Öll þessi orð teljast erfðaorð.

**Nýyrði eru þau orð kölluð** sem mynduð hafa verið úr stofnum erfða-orðanna. Orðið *sjón* er erfðaorð, sömuleiðis sögnin að *varpa* og orðið *varp* (kúluvarp) er það líka. Úr þessum orðum höfum við búið til orðið *sjónvarp*. Það er tæki sem varpar því sem við viljum sjá út á ljósvakann og þaðan inn á heimilin. Skoðum fleiri dæmi:

*flugvél, plötusnúður, hljómsnælda, hugbúnaður, vasareiknir.*

**Tökuorð heita þau orð** sem hafa verið tekin inn í málið úr erlendum tungumálum en aðlöguð að beygingarkerfi íslenskunnar. Skoðum dæmi:

*bíll, rúta, jeppi, kaffi, plast.*

#### Verkefni 14 F

Skrifið upp eftirtalin orð, merkið E við erfðaorð, N við nýyrði og T við tökuorð:

*hestur, flugvél, þyrla (no), binda, versla, dagblað, traktor, plötuspilari, dósent, stígvél, garður, mótur, sími, örtölva, dægurlag, ostaskeri, gítar, borg, drengur, námsbók.*

#### Upprifjun fyrir 14. kafla:

1. Hvaða munur er á málshætti og orðtaki?
2. Nefnið dæmi um hlutstæð og óhlutstæð orð.
3. Nefnið dæmi um huglæg og hlutlæg orð eða texta.
4. Nefnið dæmi um víðtæk og sértæk orð.
5. Hver er munurinn á samheitum og andheitum?  
Nefnið dæmi.
6. Hver er munurinn á erfðaorðum, nýyrðum og tökuorðum?  
Nefnið dæmi úr hverjum flokki.

## Staðbundinn framburður – Mállýskueinkenni

Í þessum kafla verða sett fram dæmi um **staðbundinn framburð** og **mállýskueinkenni** hér á landi. Helstu framburðareinkenni sem eru svæðisbundin hér á Íslandi eru **harðmæli** og **linmæli**, **raddaður framburður**, **hv-framburður**, **vestfirskur einhljóðaframburður** og **skaftfellskur einhljóðaframburður**.

**15.1** Þegar orð eru borin fram á mismunandi hátt í einum landshluta miðað við annan kallast það **staðbundinn framburður**. Á Íslandi finnast ekki ólíkar mállýskur eins og í sumum öðrum löndum. Hins vegar heyrast stundum ýmis **mállýskueinkenni** í einum landshluta sem ekki verður vart í öðrum.

### 15.2 Harðmæli og linmæli

Á Norðurlandi (í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum) eru hljóðin *p t k fráblásin* inni í orðum á eftir löngu sérhljóði. Það er kallað *harðmæli*. Annars staðar eru þessi hljóð ófráblásin. Það er kallað *linmæli*.  
Skoðum dæmi:

*sápa – sába; láta – láða; taka – taga.*

Framburðarmunur í þessum þremur orðapörum er sá að í fyrra orðinu er *p/t/k fráblásið* (það merkir að hljóðið *p* heyrir sem *p*, ekki *b* o.s.frv.), það kallast *harðmæli* en í seinna orðinu ófráblásið, það kallast *linmæli*. Athugið að seinni orðin í þörunum eru auðvitað ekki stafsett á þennan hátt. Þau eru skrifuð svona til að sýna framburðinn.

### 15.3 Raddaður framburður

Á Norðurlandi (einkum á Norðausturlandi) eru hljóðin *m* og *n* rödduð á undan *p t k* og *l* raddað á undan *p k*. Skoðum dæmi:

*hempa, heimta, rýmka, menntun, minnka, stelpa.*

Þessi orð eru borin fram á mismunandi hátt eftir landshlutum. Berið orðið *hempa* fyrst fram þannig að *m*-ið sé raddað og hafið það svo óraddað í næstu tilraun. Reynið svo það sama við hin orðin.





#### 15.4 Hv-framburður

Orð sem byrja á *hv-* eru víðast borin fram með *kv-*hljóði. Það kallast *kv-framburður*. Þó eru undantekningar frá því. Á Suðurlandi bera sumir það fram eins og *g* í *sagt*. Það kallast *hv-framburður*.

#### 15.5 Vestfirskur einhljóðaframburður

Á Vestfjörðum er sums staðar borið fram *einhljóð* á undan *-ng* og *-nk*.

Þá segir fólk *langur drengur* (ber orðin fram eins og þau eru skrifuð) en ekki *lángur dreingur* eins og víðast er sagt; *a* og *e* eru einhljóð, *á* og *ei* eru tvíhljóð.

#### 15.6 Skaftfellskur einhljóðaframburður

Í Skaftafellssýslum er borið fram einhljóð á undan *-gi*.

Þá segir fólk *vegi* (með *e* en ekki *eí*), *flugi* (með *u* en ekki *uí*), *logi* (með *o* en ekki *oí*), *stigi* (með *i* en ekki *í*) og *drögin* (með *ö* en ekki *öí*) (*e*, *u*, *o*, *i* og *ö* eru einhljóð).

#### Verkefni 15

Skrifið eftirfarandi orð upp og tilgreinið hvort þau eru borin fram á mismunandi vegu eftir því hvar er á landinu. Ef svo er, í hverju felst sá munur?

*loðnir, löngum, hvelfing, koma, latur, stampur, bogi, drengur, vafi, logi, herða, hvert, strumpur, henta, votur, kápa, lengi, verða, hverfa, hanka, garður, stelpa, lögin, vandi, elta, vangi, hugi, stelkur, kátur, rýmka, feginn, láta.*

#### Upprifjun við 15. kafla:

1. Hvað er það sem kallað er linmæli? En harðmæli?
2. Hvar er harðmæli algengast?
3. Hvað er það sem kallað er raddaður framburður?
4. Hvar er raddaður framburður algengastur?
5. Hvaða leið er algengust til að bera fram orð sem byrja á *hv-*?
6. Hvað er óvenjulegt á sumum svæðum sunnanlands við framburð á orðum sem byrja á *hv-*?
7. Hvað er vestfirskur einhljóðaframburður?
8. Hvað er skaftfellskur einhljóðaframburður?



## Atriðisorð

- aðalsetning bls. 76, 77, 78  
aðaltenging bls. 65, 78  
andheiti bls. 87, 90, 91  
andlag bls. 81, 83  
atviksliður bls. 81, 85  
atviksorð bls. 63, 66, 67  
aukasetning bls. 76, 77, 78  
aukatenging bls. 65, 78  
bein ræða bls. 41, 42  
beygingarending bls. 8, 9, 72, 73  
blönduð beyging sagnorða bls. 53, 56  
boðháttur bls. 36, 38, 46  
efnisgrein bls. 76, 80  
efsta stig bls. 15  
eignarfall bls. 8  
eignarfallseinkunn bls. 85  
einkunn bls. 81, 84  
eintala bls. 8, 12  
eintöluorð bls. 27, 30  
erfðaorð bls. 87, 91  
fall bls. 8  
fallbeyging bls. 6  
fallorð bls. 4, 8, 18, 27  
fleirtala bls. 8, 12  
fleirtöluorð bls. 27, 30  
fornöfn bls. 16, 26, 27, 32  
forsetning bls. 63, 64  
forsetningarliður bls. 81, 84  
forskeyti bls. 72, 74  
framsöguháttur bls. 41, 46  
frumlag bls. 81  
frumlagsígildi bls. 81  
frumstig bls. 15  
frumtölur bls. 15  
fullgreining bls. 61  
germynd bls. 41, 48  
gervifrumlag bls. 81  
greiningaratriði fallorða bls. 18, 19, 61  
greiningaratriði sagnorða bls. 41, 44, 47, 61  
greinir bls. 14, 18, 34  
harðmæli bls. 93  
háttur sagnorða bls. 36, 38, 41, 46  
hliðstæði lýsingarorð bls. 31  
hljóðskipti bls. 69  
hlutlægur texti bls. 87, 89  
hlutstæð orð bls. 87, 88  
huglægur texti bls. 87, 89  
hv-framburður bls. 93, 94  
hvorugkyn bls. 13  
i-hljóðvarp bls. 69, 70  
karlkyn bls. 13  
kenniföll bls. 27, 28  
klofning bls. 69, 70  
kyn bls. 8, 13  
kvenkyn bls. 13  
linmæli bls. 93  
lokaður orðflokkur bls. 63, 68  
lýsingarháttur nútíðar bls. 41, 45, 46  
lýsingarháttur þátíðar bls. 41, 45, 46  
lýsingarorð bls. 15, 22  
mállýskueinkenni bls. 93  
málsgrein bls. 76  
málsháttur bls. 87  
miðmynd bls. 41, 48  
miðstig bls. 15  
mynd sagnorða bls. 41, 48, 53  
nafnháttarmerki bls. 63  
nafnháttur bls. 36, 38, 46  
nafnorð bls. 14, 19  
nefnifall bls. 8,  
nýyrði bls. 87, 91  
opinn orðflokkur bls. 68  
orðtak bls. 87  
orsakarsagnir bls. 53, 58  
óbein ræða bls. 41, 42  
óbeygjanleg orð bls. 4, 7, 61, 63  
óhlutstæð orð bls. 87, 88  
ópersónulegar sagnir bls. 53, 57  
óregluleg beyging nafnorða bls. 27  
persóna sagnorða bls. 36  
raddaður framburður bls. 93  
raðtölur bls. 15  
rót bls. 72  
sagnfylling bls. 81, 84  
sagnorð bls. 4, 36, 41, 53  
samheiti bls. 87, 90  
samnöfn bls. 18, 21  
samtenging bls. 63, 65  
setning bls. 76, 77  
sérnöfn bls. 18, 21  
sérstæð lýsingarorð bls. 31  
sértæk orð bls. 87, 90  
skaftfellskur einhljóðaframburður bls. 93, 94  
staða lýsingarorða bls. 27, 31  
staðbundinn framburður bls. 93  
sterk beyging fallorða bls. 18, 19  
sterk beyging sagnorða bls. 41, 49  
stofn bls. 8, 9, 36, 40, 72, 73  
stofn nafnorða bls. 9  
stofn lýsingarorða bls. 31, 73  
stofn sagnorða bls. 36, 40  
stig lýsingarorða bls. 18, 23  
tala bls. 12  
tengiliður bls. 81, 86  
tíð sagnorða bls. 36, 39  
tíðbeyging bls. 6  
tökuorð bls. 87, 91  
töluorð bls. 15, 25  
u-hljóðvarp bls. 69, 70  
umsögn bls. 81, 82  
uppflettimynd lýsingarorða bls. 27, 31  
uppflettimynd nafnorða bls. 27, 29  
uppflettimynd sagnorða bls. 38, 46  
upphrópanir bls. 63  
veik beyging fallorða bls. 18, 19  
veik beyging sagnorða bls. 41, 49, 58  
vestfirskur einhljóðaframburður bls. 93, 94  
viðskeyti bls. 72  
viðtengingarháttur bls. 41, 46  
viðtæk orð bls. 87, 90  
þágufall bls. 8  
þolfall bls. 8  
þolmynd bls. 53

## Helstu rit sem stuðst hefur verið við:

- Aðalnámskrá grunnskóla*. 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1967. *Íslensk málfræði handa framhaldsskólum*. 6. útgáfa. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Fromkin, Victoria & Robert Rodman. 1998. *An Introduction to Language*. Sjötta útgáfa. Harcourt Brace College Publishers, Fort Worth o.v.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga, 2. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstjóri). 2011. *Handbók um íslensku*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Jóhannes B. Sigtryggsson og Inga Rósa Þórðardóttir. 2014. *Málvísir handbók um málfræði handa grunnskólum*, Námsgagnastofnun. Kópavogi.
- Sigurður Konráðsson. 1996. *Hljóðfræði*. Mál og menning, Reykjavík.



**Gullvör – Kennslubók í málfræði fyrir unglingastig er ætlað að þjálfa og kenna íslenska málfræði.**

**Í bókinni er farið yfir helstu þætti málfræðinnar, dæmi eru sýnd og verkefni fylgja til þjálfunar.**

**Þetta er endurskoðuð útgáfa bókarinnar sem lengi var kennd á grunnskólastigi.**

**Höfundur bókarinnar er Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Hann kenndi lengi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og hefur auk þess langa reynslu bæði af kennslu í efri bekkjum grunnskólans og námsefnisgerð.**

**Myndskreytingar gerði Böðvar Leós.**

**m** MENNTAMÁLASTOFNUN

**40214**

ISBN-13: 978-9979-0-2431-6



9 789979 024316